

Halldór

skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




FARTÖLVUBÆKLINGUR

FYLGIR BLAÐINU Í DAG



tl.is
TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
21. ágúst 2012
195. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Alveg ótrúlegt

*Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir hljóp tíu kílómetra á 57,57 mínútum á 57 ára afmælisdaginn.*

**tímamót** 20

## Dönsk stórmynd

*Leikstjórinn Dagur Kári er bæði með danska og íslenska mynd í bígerð.*

**popp** 34



## Útlitið svart í Grindavík

*Fram og Selfoss unnu bæði mikilvæga sigra í fallbaráttunni í gær.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**RIGNING MEÐ KÖFLUM** sunnan- og austanlands og svo norðan og vestan til þegar á daginn líður. Fremur hægur vindur og hiti á bilinu 10 til 18 stig, hlýjast vestanlands.

VEÐUR 4

# Gunnar Andersen ákærður

**Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur fyrrum forstjóra Fjármálaeftirlitsins og starfsmanni Landsbankans fyrir brot á þagnarskyldu. Snýst um öflun fjárhagslegra upplýsinga um Guðlaug Þór Þórðarson.**

**LÖGREGLUMÁL** Embætti ríkissaksóknara hefur gefið út ákæru á hendur Gunnari Andersen, fyrrum forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), og starfsmanni Landsbankans fyrir brot á þagnarskyldu með því að brjóta bankaleynd, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Gunnar hefur auk þess verið ákærður fyrir brot í opinberu starfi. Ákæran var gefin út um miðjan júlí síðastliðinn. Brot á þagnarskyldu getur varðað allt að þriggja ára fangelsi.

Málið snýst um að Gunnar er talinn hafa fengið starfsmann Landsbankans til að afla gagna um fjármál Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns fyrir sig. Þeim gögnum var síðan komið til DV sem birti frétt byggða á gögnunum.

Stjórn FME tilkynnti Gunnari að til stæði að segja honum upp störfum á föstudaginn 17. febrúar síðastliðinn. Þann 1. mars leysti hún Gunnar síðan formlega frá störfum og kærði hann auk þess til lögreglu fyrir brot í starfi. Starfsmaður Landsbankans sem aflaði gagnanna var sendur í ótímabundið leyfi. Auk þeirra tveggja höfðu Ársæll Valfells, lektor við Háskóla Íslands, og Ingi Freyr Vilhjálmsson, fréttastjóri DV, réttarstöðu sakborninga í málinu. Mál þeirra tveggja síðastnefndu var hins vegar látið niður falla og var þeim tilkynnt um það seinni part júlímánaðar.

Ársæll sagði í yfirlýsingu sem send var út 12. mars að hann hefði komið gögnum um Guðlaug Þór frá FME til DV. Maður hefði komið heim til hans og beðið hann um að koma gögnunum til Gunnars Andersen. Gunnar hefði síðar beðið hann um að koma gögnunum til DV, sem hann hefði gert.

Þann 29. febrúar birtist síðan frétt í DV um að eignarhaldsfélag í eigu Guðlaugs Þórs hefði fengið greiddar tæpar 33 milljónir króna frá Landsbanka Íslands í júní 2003 vegna sölu hans á umboði fyrir tryggingamiðlun svissneska tryggingafélagsins Swiss Life, sem hann seldi til Landsbankans á þessum tíma. **- þsj**

### Sagði Guðlaug Þór hafa lekið í Kastljós

Kastljós fjallaði um aðkomu Gunnars að aflandsfélögum í eigu Landsbankans, þegar hann starfaði fyrir bankann fyrir nokkrum árum, í nóvember 2011. Á grunni þess sem þar var fjallað um ákvað stjórn FME síðar að segja Gunnari upp störfum.
Í samtali við Fréttablaðið þann 5. mars sagði Gunnar að það hefði verið „fullyrt í mín eyru, af mönnum sem ég treysti og trúi, að Guðlaugur Þór hafi komið gögnunum til Kastljóss sem umfjöllun þáttarins um mig byggði á“. Guðlaugur Þór neitaði þessu staðfastlega og sagði þetta vera „örvæntingarfulla tilraun manns með slæma samvisku og hann verður sjálfur að svara fyrir sínar gjörðir“.



**NEMAR SKOÐA ÚRVALIÐ** Mikið var að gera í verslunni Office 1 í Skeifunni í gær enda skólarnir að byrja. Nú kjósa sífellt fleiri að kaupa bækur á skiptibókamörkuðum á netinu en þó ekki allir. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Notaðar bækur á netinu:

## Valkostir nema í bókakaupum hafa aukist

**MENNTUN** Skólarnir eru að hefjast sem þýðir að fjöldi nemenda er um þessar mundir að kaupa sér námsgögn.

Líklega eru bækurnar stærsti kostnaðarliðurinn hjá mennta- og háskólanemum en á bókamarkaðnum kennir ýmissa grasa. Hinir sígildu skiptibókamarkaðir eru alltaf vinsælir, enda hægt að spara töluverða fjármuni með því að kaupa notaðar bækur frekar en nýjar.

Skiptibókamarkaðir á netinu hafa verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum. Sífellt fleiri kjósa að kaupa og selja bækur á netinu, enda oft hægt að gera reyfarakaup. Vefsíðan skiptibokamarkadur.is er stærst en fleiri síður hafa þó skotið upp kollinum. Þá eru notuð námsgögn einnig seld á Facebook-markaðnum og bland.is.

**- trs / sjá síðu 34**

TÍMI TIL AÐ TÍNA!




www.forlagid.is

Harpa átti strax að ná 45 prósenta markaðshlutdeild í ráðstefnuhaldi:

## Lítið stóðst af áætlunum Hörpu

**VIÐSKIPTI** Tekjur Hörpu, án framlags eigenda, á rekstrarárinu 2012 eru 255,9 milljónum króna lægri en lagt var upp með. Þá er kostnaður við rekstur Hörpu 233,9 milljónum krónum hærri.

Því munar alls um 489,8 milljónum króna á því sem lagt var upp með og nýjustu áætlunum fyrir árið 2012. Til viðbótar leggja eigendur Hörpu, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, Hörpu til 983 milljónir króna í ár. Það fé fer í greiðslu fjármagnskostnaðar.

Þetta kemur fram við samanburð á rekstraráætlun Portus-samstæðunnar, sem á Hörpu, fyrir árin 2011-2014 og úttekt sem KPMG gerði á rekstri og skipulagi Hörpu og skilað var í lok maí síðastliðins. Fréttablaðið hefur rekstraráætlunina undir höndum. Í KPMG-úttektinni kom fram að rekstrartap Hörpu yrði 407 milljónir króna í ár.

Á meðal þess sem forsvarsmenn Hörpu gerðu ráð fyrir að myndi gerast á fyrsta rekstrarári hússins var að það myndi ná til sín 45 prósenta hlutdeild á ráðstefnuhaldsmarkaði. Það gekk ekki eftir og tekjur vegna ráðstefna voru um 90 milljónum króna lægri en upphaflega var áætlað.

Þessi hlutdeild á markaðnum hefði krafist rúmlega 52.000 gesta. **– þsj / sjá síðu 12**




N1 BLAÐIÐ
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

KEA
Skyr

Ný bragðtegund. Karamella!




Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

## SPURNING DAGSINS



*Guðný, þetta fólk hefur þá ekki tekið til fótanna?*

„Það má segja að sumum hafi orðið fótaskortur.“

Guðný Zöega fornleifafræðingur grefur upp aflagðan kirkjugarð frá elleftu öld í Skagafirði. Þar hafa bein verið flutt úr garðinum en úr sumum gröfum hefur láðst að færa fótabein og sköflunga.

Harðir bardagar í Aleppo á öðrum degi lokahátíðar föstumánaðar múslima:

# Sprengjuárásir kostuðu tugi lífa

**SÝRLAND, AP** Tugir manna féllu í sprengjuárásum stjórnarhersins á borgirnar Aleppo og Daraa í Sýrlandi í gær, á öðrum degi lokahátíðar föstumánaðarins ramadan.

Lokahátíðin er þriggja daga hátíð, sem múslimar halda upp á með því að fara í sparifötin, snæða góðan mat og heimsækja grafir látinna ástvina sinna.

Á sunnudaginn, fyrsta dag hátíðarinnar, gerði herinn að miklu leyti hlé á árásum sínum, en árásirnar í gær sýna að Bashar al-Assad forseti lætur ekki trúarhátíðina stöðva viðleitni sína til að vinna bug á uppreisnarmönnum.

Ummæli Lakhdars Brahimis, friðarerindreka Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins í Sýrlandi, þess efnis að ekki væri lengur um það að ræða að koma í veg fyrir að borgarastríð brjótist út, heldur þurfi starfið nú að beinast að því að stöðva borgarastríð sem þegar væri hafið, hafa farið fyrir brjóstið á sýrlenskum ráðamönnum.

Utanríkisráðuneyti Sýrlands segir að Brahimi geti ekki tekist ætlunarverk sitt nema með því að fá þau ríki, sem styðja uppreisnarmenn, til þess að láta af stuðningi sínum. **- gb**



**ÁRÁSIR Á ALEPPO** Stjórnarherinn varpaði fjölda sprengja á fjölmennustu borg landsins. NORDICPHOTOS/AFP

Verðmætast allra fyrirtækja:

## Apple nær nýjum hæðum

**VIÐSKIPTI** Apple varð í gær dýrmætasta fyrirtæki sögunnar að nafnvirði. Væntingar um nýja vörulínu frá Apple í haust hafa ýtt undir hækkanir á hlutabréfavirði fyrirtækisins síðustu daga og í gær hækkaði það um 2,63%.

Varð heildarverðmæti fyrirtækisins þar með 623 milljarðar Bandaríkjadala, jafngildi tæplega 75.000 milljarða króna. Þar með bætti Apple met Microsoft frá hátindi netbólunnar árið 1999 þegar fyrirtækið var metið á 621 milljarð dala. **- mþl**

Stærstu réttarhöld Noregs:

## Breivik dæmdur á föstudag

**NOREGUR Dómur verður kveðinn upp í máli norska hryðjuverkamannsins Anders Behring Breivik í Ósló á föstudag.**



ANDERS BEHRING BREIVIK

**Breivik er ákærður fyrir morð og hryðjuverk og hefur játað að hafa orðið 77 manns að bana með sprengju- og skotárásum þann 22. júlí í fyrra. Aðallega var tekist á um sakhæfi hans í tíu vikna löngum réttarhöldum, sem lauk í júní.**

**Saksóknarar vilja fá hann dæmdan til vistunar á geðsjúkrahúsi en verjendur Breiviks og hann sjálfur vilja að hann verði dæmdur sakhæfur og í fangelsi.** **- þeb**

Banaslys á Sandskeiði:

## Lést eftir fall af torfæruhjóli

**SLYS** Maður á fimmtugsaldri lést vegna áverka sem hann hlaut eftir fall af torfærumótorhjóli undir Lyklafelli á Sandskeiði á sunnudagskvöld.

Að sögn lögreglu kallaði fólk sem var með manninum eftir aðstoð vegna slyssins klukkan rúmlega sjö um kvöldið. Maðurinn lést á gjörgæsludeild Landspítalans um nóttina. Lögregla rannsakar enn tildrög slyssins.

Svæðið þar sem slysið átti sér stað er nokkuð vestar en skipulagt torfæruakstursvæði Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasambands Íslands (MSÍ) við Bolöldu. Samkvæmt heimildum blaðsins var maðurinn vanur torfæruakstri á mótorhjóli og með allan nauðsynlegan öryggisbúnað. **- óká**

# Fjögur þúsund ný börn í umferðinni

**Grunnskólar verða víðast hvar settir í vikunni. Um fjörutíu þúsund börn hefja þá skólaárið með tilheyrandi umferðarþunga. Umferðarstofa brýnir fyrir fólki að kenna börnum á umferðina og lögreglan verður með aukið eftirlit víða.**

**MENNTUN** Fjörutíu þúsund grunnskólabörn hefja nýtt skólaár í þessari viku og þar af um fjögur þúsund í fyrsta bekk. Umferðarstofa brýnir fyrir fólki að taka tillit til aukinnar umferðar sem hlýst af skólabyrjun og nýliðum í umferðinni.

Grunnskólar í Reykjavík verða settir á morgun. Flest börn stunda nám í borginni, eða um fjórtán þúsund í 34 almennum skólum, tveimur sérskólum og fimm einkaskólum.

Grunnskólar í Garðabæ og Kópavogi verða einnig settir á morgun, en á fimmtudag í Hafnarfirði, á Álftanesi og í Mosfellsbæ. Þá verður grunnskóli Seltjarnarness settur á föstudag.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu verður með aukið eftirlit með umferð í þessari viku vegna skólabyrjunarinnar og hvetur ökumenn til að gera ráð fyrir stóraukinni umferð í sínum tímaáætlunum.

„Lögregla mun á sama tíma auka sýnilegt eftirlit á stofnæðum höfuðborgarsvæðisins sérstaklega en einnig í íbúðahverfum í nágrenni við grunnskóla. Markmiðið er sem fyrr að minna ökumenn á að fara varlega í umferðinni,“ segir í tilkynningu lögreglunnar.

Barn sem er að byrja í skóla hefur ekki þroska eða reynslu til að átta sig á því sem skiptir máli að gefa gaum að í umferðinni að sögn Umferðarstofu. Nauðsynlegt er því að brýna fyrir börnum að þótt þau sjái bíla sé ekki öruggt að bílstjórar sjái þau. Ef þau eru gangandi er mikilvægt að velja frekar þá leið þar sem þarf að fara yfir fæstar götur en stystu leiðina.

Þar sem keyra verður börn í skólann er nauðsynlegt að huga að því hvar þeim er hleypt út úr bílnum, og að það sé ekki gert þar sem hætta geti skapast.

thorunn@frettabladid.is



**SKÓLABYRJUN FRAM UNDAN** Grunnskólar verða settir í vikunni og má því búast við aukinni umferð þegar fjörutíu þúsund börn hefja skólaárið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### 10 ráð frá Umferðarstofu

Umferðarstofa hvetur til þess að foreldrar hafi þessi tíu atriði í huga, kenni börnum sínum og fari sjálfir eftir reglunum líka.

1. Æfum leiðina í og úr skóla með barninu.
2. Veljum öruggustu leiðina í skólann – ekki endilega stystu.
3. Leggjum tímanlega af stað, flýtum okkur ekki.
4. Setjum einfaldar og fáar reglur sem barnið á að fara eftir.
5. Kennum barninu að fara yfir götu, með og án ljósastýringar.
6. Verum sýnileg, notum endurskinsmerki.
7. Notum hjólreiðahjálm, bæði börn og fullorðnir.
8. Notum viðeigandi öryggisbúnað í bifreið, bæði börn og fullorðnir.
9. Tökum tillit til annarra vegfarenda, sérstaklega í nánd við skóla.
10. Förum eftir leiðbeiningum skólans um umferð á skólasvæðinu.

Löreglumenn smygluðu dópi:

## Skutu starfsfélaga til bana

**MEXÍKÓ Á fjórða hundrað lögreglumenn sem störfuðu á stærsta flugvelli Mexíkóborgar hafa verið færðir til í starfi eftir að þrír lögreglumenn voru skotnir til bana í júní af starfsfélögum sínum sem tóku þátt í fíkniefnasmygli.**

**Farþegar sem komu frá Lima í Perú földu fíkniefni á salernum flugvallarins áður en þeir fóru í gegnum tolleftirlit. Lögreglumenn sem tóku þátt í smyglinu sóttu fíkniefnin á salernin og fluttu þau út af flugvellinum.**

**Ljóst þykir að lögreglumennirnir þrír hafi verið skotnir til bana eftir að hafa komist á spor smyglaranna.** **- ibs**

Málgagn Páfagarðs:

## Sköllótt Barbie í hillur verslana

**VIÐSKIPTI Opinbert málgagn Páfagarðs, L'Osservatore, vill að fyrirtækið Mattel, sem framleiðir Barbie-brúðurnar, selji sköllótta útgáfu hennar til verslana.**

**Fyrirtækið hefur nú þegar hannað sköllótta Barbie-brúðu en fyrirhugað er að nýja útgáfan verði gefin sjúkrahúsum.**

**Nýja útgáfan var þróuð í kjölfar herferðar móður á Facebook en dóttir hennar hafði misst hárið í krabbameinsmeðferð í Bandaríkjunum. Um 150 þúsund manns lýstu yfir stuðningi við hugmynd móðurinnar, að því er greint er frá á fréttavef breska blaðsins The Guardian.** **- ibs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Enginn fullur úr flugi í bíl**

Enginn af 279 ökumönnum sem lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði á leið frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir og um helgina reyndist vera ölvaður. „Örfáir höfðu gleymt ökuskírteininu sínu heima,“ segir í tilkynningu lögreglu.






700 grömm af fíkniefnum undir hárkollu lettneskrar konu í Leifsstöð:

# Kona tekin með kókaín í hárinu

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega fertug lettnesk kona situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hún var gripin með 700 grömm af kókaíni í Leifsstöð í byrjun mánaðarins.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að konan hafi verið að koma frá Spáni og við reglubundið tolleftirlit hafi grunur vaknað um að hún hefði fíkniefni meðferðis. Kókaínpakkningin hafi svo fundist undir hárkollu sem hafði verið saumuð fast við hár hennar.

Talið er að konan sé burðardýr og að átt hafi að selja efnið hérlendis. Hún hefur áður komið til Íslands en hefur ekki fyrr komið við sögu lögreglu. Hún mun sæta varðhaldi til 23. ágúst.

Þótt smyglleiðin sé vissulega óvenjuleg þá er hún ekki einsdæmi. Vorið 2005 kom rúmlega sextug heyrnarskert kona til landsins frá Hollandi, og við leit fundust 800 grömm af kókaíni í hárkollu hennar. Sú var með bandarískt og hollenskt ríkisfang.

Jóhann R. Benediktsson, þáverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, sagði þá að smygltilraunin væri ein sú ósvífnasta og djarfasta sem menn hefðu séð og kvaðst ætla að gera kollegum sínum í öðrum löndum viðvart um þennan möguleika. **- sh**



**TOLLSKOÐUN** Efnin fundust við reglubundna tollskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Takk fyrir metþátttöku!




ENNEMM / SÍA / NM53782

44.862.098 kr.
til góðgerðamála

**Síðastliðinn laugardag tóku 13.410 einstaklingar þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Þátttökumet var slegið, annað árið í röð.**

Íslandsbanki óskar öllum hlaupurum til hamingju með frábæran árangur og þakkar sérstaklega þeim sem styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is. Aldrei hefur safnast meira fé en í ár, alls 44.862.098 kr. sem renna til hinna ýmsu góðgerðafélaga.

Við hlökkum til að sjá ykkur að ári.

Við bjóðum góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki,
stoltur stuðningsaðili í 15 ár

Íslandsbanki

**GENGIÐ 20.08.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,49 | 120,07 |
| Sterlingspund | 187,54 | 188,46 |
| Evra | 147,23 | 148,05 |
| Dönsk króna | 19,772 | 19,888 |
| Norsk króna | 20,132 | 20,250 |
| Sænsk króna | 17,908 | 18,012 |
| Japanskt jen | 1,5023 | 1,5111 |
| SDR | 180,07 | 181,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,9568

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Byrjað var að veiða grágæs og heiðagæs í gær en blesgæs er enn friðuð:

# Slæmt árferði kemur niður á heiðagæsastofni

**UMHVERFISMÁL** Slæmt árferði í fyrra virðist hafa komið verr niður á stofni heiðagæsa en grágæsa að því er fram kemur á vef Umhverfisstofnunar.

„Samkvæmt talningum þá var grágæsastofninn um 119 þúsund fuglar 2011 og heiðagæsastofninn um 250 þúsund fuglar," segir á vefnum, en heiðagæsastofninn hafi áður verið um 300 til 350 þúsund gæsir. Veiðitímabil á grágæs og heiðagæs hófst í gær, mánudaginn 20. ágúst.

„Meðalveiði á ári ef skoðuð eru síðustu tíu árin eru um fjörutíu þúsund grágæsir og um fimmtán þúsund heiðagæsir. Grágæsaveiðin var hvað mest árið 2009 af þessum tíu árum en þá var hún rúmir 58 þúsund fuglar. Veiði á heiðagæs var að sama skapi mest árið 2009 eða tæplega tuttugu þúsund fuglar," segir í umfjöllun Umhverfisstofnunar.

Bent er á að blesgæs sé áfram friðuð, líkt og undanfarin ár.

„Þar er mjög mikilvægt að veiðimenn virði þá friðun þannig að hægt sé að byggja þennan stofn upp. Góður árangur hefur náðst með friðuninni þar sem fækkunin hefur stöðvast og vísbendingar eru um að stofninn sé farinn að vaxa á ný."

Fram kemur að í ár hafi Skotvís, Olís og Umhverfisstofnun endurvakið átakið „Láttu þitt ekki eftir liggja" sem miðar að því að hvetja veiðimenn til að ganga vel um landið og skilja ekki eftir sig annað en spor sín á veiðislóð. **- óká**



**JÓLAMATURINN** Svona getur gæsin litið út þegar hún er komin úr ofninum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**UMDEILT HÚS** Mestur styr hefur staðið um skemmtistaðinn Nasa við Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á móti hóteli við Austurvöll:

## Fjórtán þúsund skrifað undir

**SKIPULAGSMÁL** Hátt í fjórtán þúsund manns hafa skrifað undir mótmæli gegn byggingu hótels við Austurvöll og menningarhúss á Ingólfstorgi á undirskriftasíðunni ekkihotel.is.

Á síðunni er vinningstillögu að skipulagi við Austurvöll, Kirkjustræti og Ingólfstorg sem var til sýnis til 15. ágúst mótmælt. Það er svokallaður BIN-hópur sem stendur fyrir undirskriftasöfnuninni, en hann varð til þegar hugmyndir um byggingu hótels við Ingólfstorg komu fram árið 2009. **- sh**

Bílvelta á Holtavörðuheiði:

## Hundurinn enn uppi á heiðum

**SLYS** Bílvelta varð uppi á Holtavörðuheiði um kvöldmatarleytið á sunnudag. Enginn slasaðist alvarlega að sögn lögreglunnar í Borgarnesi.

Labradorhundur var með í bílnum er slysið varð. Varð hann heldur hrelldur, tók til fótanna og hljóp til fjalla. Að sögn lögreglunnar sá vegfarandi til hans í gær og var hann þá kominn nær byggð en enn hefur ekki tekist að finna hann. Lögreglan biður vegfarendur að hafa samband í síma 433-7612 verði þeir hvuttans varir. **- jse**

# Grikkir þurfa enn á ný meiri aðstoð

**Seðlabanki Evrópusambandsins segir að það yrði öllum ríkjum Evrópusambandsins dýrkeypt ef Grikkir hrektust úr evrusamstarfinu. Þýskir ráðamenn þverneita enn að veita Grikkjum meira svigrúm til að ná endum saman.**

**GRIKKLAND** Enn á ný þurfa Grikkir að biðja um meiri fjárhagsaðstoð til að ná endum saman í ríkisbúskapnum. Þýskir ráðamenn hafa tekið illa í slíkt og sagt Grikki fyrst þurfa að standa við sparnaðarloforð sín.

„Ég hef alltaf sagt að við getum hjálpað Grikkjum, en við getum ekki hent peningum í botnlaust hít," sagði til dæmis Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, á laugardaginn.

Og Philip Rösler, sem er bæði efnahagsráðherra og aðstoðarkanslari Þýskalands, sagði nýverið að tilhugsunin um brotthvarf Grikklands af evrusvæðinu væri hætt að vera skelfileg.

Hins vegar sagði Jörg Asmussen, þýskur embættismaður í seðlabanka Evrópusambandsins, að brotthvarf Grikkja af evrusvæðinu yrði dýrkeypt, þó vissulega væri það viðráðanlegt.

„Því myndi fylgja minni hagvöxtur og meira atvinnuleysi, og það yrði mjög dýrt – í Grikklandi, í allri Evrópu og líka í Þýskalandi," sagði Asmussen.

Gríska ríkisstjórnin var í gær að ganga frá síðustu endunum í 11,6 milljarða evra sparnaðarpakka, sem þó dugar ekki til því enn vantar 2,5 milljarða evra til að standa straum af næstu stóru afborgunum lána, í viðbót við það sem áður var talið að þyrfti.

Megnið af sparnaðinum á að nást með því að lækka lífeyrisgreiðslur og velferðarbætur. Þetta yrði í fjórða sinn síðan 2010 sem gríska stjórnin lækkar greiðslur til lífeyrisþega, en þær hafa nú þegar verið lækkaðar um 40 prósent.

Þá stendur til að 34 þúsund ríkisstarfsmenn missi vinnuna, en í staðinn verða þeir skráðir í svokallað varavinnuafl, þar sem þeir fá greiddan hluta launa sinna í eitt eða tvö ár, eða þangað til þeim verður endanlega sagt upp.



**UTANRÍKISRÁÐHERRARNIR DIMITRIS AVRAMOPÚLOS OG GUIDO WESTERWELLE** Grískir og þýskir stjórnmálamenn hafa margt að ræða á næstu dögum og vikum. NORDICPHOTOS/AFP

> Ég hef alltaf sagt að við getum hjálpað Grikkjum, en við getum ekki hent peningum í botnlausa hít.
>
> **WOLFGANG SCHÄUBLE** FJÁRMÁLARÁÐHERRA ÞÝSKALANDS

Hvort Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telja þetta duga kemur í ljós í næsta mánuði, þegar fulltrúar ESB, AGS og seðlabanka Evrópusambandsins gefa út mat sitt á frammistöðu grísku stjórnarinnar. Mat þeirra ræður úrslitum um það hvort Grikkir fá frekari fjárhagsaðstoð úr neyðarsjóðum ESB og frá AGS.

Antonis Samaras forsætisráðherra verður síðan á ferðalögum í Þýskalandi og Frakklandi í þessari viku, þar sem hann ætlar að reyna að sannfæra bæði Angelu Merkel Þýskalandskanslara og Francois Hollande Frakklandsforseta um að slá af ítrustu kröfum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

72 ára bandarísk nunna:

## Telur sig barnabarn Munchs

**NOREGUR** 72 ára gömul bandarísk nunna fer líklega í DNA-próf á næstunni til að sannreyna hvort hún sé barnabarn listamannsins Edvards Munch. Norska ríkisútvarpið greindi frá þessu.

Hingað til hefur verið talið að Munch hafi verið barnlaus, en að sögn nunnunnar Janet Weber var henni greint frá því að móðir hennar og tvíburasystir hennar hefðu verið dætur hans. Honum hafi hins vegar aldrei verið greint frá því. Weber hefur fengið Sally Epstein sérfræðing til liðs við sig og segir Epstein ljóst að Munch hafi átt í sambandi við ömmu Weber, tónlistarkonuna Evu Mudocci, árið áður en hún eignaðist tvíburadæturnar. **- þeb**

Fékk skilyrtan dauðadóm:

## Breytist í ævilangt fangelsi

**KÍNA, AP** Gu Kailai hlaut í gær skilorðsbundinn dauðadóm í Kína fyrir að hafa myrt breskan kaupsýslumann.

Venjan í Kína er sú að slíkum dómi er eftir tveggja ára fangelsi breytt í ævilangt fangelsi, og möguleiki jafnframt á því að losna úr fangelsi síðar meir vegna góðrar hegðunar.



**GU KAILAI**

Þjónn hennar hlaut níu ára fangelsi fyrir að aðstoða hana við morðið og fjórir lögreglumenn fengu fimm til ellefu ára fangelsisdóma fyrir að reyna að hylma yfir með henni. Enn hefur ekki verið upplýst hvers vegna eiginmaður hennar, stjórnmálamaðurinn Bo Xilai, var á sínum tíma rekinn. **- gb**


# Áhrifamikil og eftirminnileg

„Hugvitsöm, gagntekur lesandann ... ein besta bók Picoult!"

USA TODAY




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL RIGNING** verður á landinu næstu daga. Úrkoman verður ekki samfelld og það er ekki útilokað að aðeins sjáist til sólar. Vindur verður fremur hægur en hitastigið sígur hægt niður á við eftir því sem á vikuna líður.




**Á MORGUN** Fremur hægur vindur víða um land.

**FIMMTUDAGUR** Fremur hægur vindur víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 33° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 24° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 22° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 26° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 22° |
| París | 28° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**AVENSIS WAGON - EKKERT VENJULEGUR**

Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar ökumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hljóðlátri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km í blönduðum akstri. Þá er Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá 5.020.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## KJÖRKASSINN



*Fórstu í bæinn á menningarnótt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 45,5% |
| NEI | 54,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur blóðþrýstingur mælst of hár hjá þér?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Arion banki og fjármálaráðuneytið hafna alfarið fullyrðingum Víglundar Þorsteinssonar:

# Segir B.M. Vallá hafa verið á „aftökulista”

**VIÐSKIPTI** Víglundur Þorsteinsson, fyrrum stjórnarformaður B.M. Vallár, segir Arion banka hafa sett fyrirtækið á „aftökulista“ við stofnun bankans. Skuldunautum bankans hafi verið mismunað og þá hafi ráðherrar í ríkisstjórninni og starfsmenn nýju bankanna og skilanefnda þeirra gömlu líklega brotið lög.

Víglundur boðaði til blaðamannafundar í gær þar sem fjallað var um verklag stjórnvalda í kjölfar bankahrunsins og starfsaðferðir Arion banka við yfirtöku B.M. Vallár en fyrirtækið var úrskurðað gjaldþrota í maí 2010 og í kjölfarið leyst upp.

Á fundinum fjallaði Víglundur um skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna sem birt var í mars 2011. Sagði Víglundur að þar væri lýst atburðarás sem stangaðist á við reglur neyðarlaganna.

Í kjölfarið hefði hann komist á snoðir um að Arion banki hefði útbúið lista yfir fyrirtæki sem ekki átti að bjarga eftir bankahrun og að nafn B.M. Vallár hefði verið á listanum. Með því að ganga að fyrirtækinu hefði bankinn verið að þjóna hagsmunum skilanefndar Kaupþings. Þá sagðist Víglundur vera að undirbúa skaðabótamál á hendur Arion banka og skilanefnd Kaupþings vegna málsins.

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, segir það fráleitt að einhvers konar „aftökulisti“ hafi verið gerður innan bankans. Það þjónaði enda ekki hagsmunum bankans að ganga á fyrirtæki sem gætu staðið í skilum.

Þá sendi fjármálaráðuneytið frá sér tilkynningu í gær vegna yfirlýsinga Víglundar. Þar vísar ráðuneytið alfarið á bug fullyrðingum um að það eða einstakir ráðherrar hafi haft afskipti af einstökum lánum eða lánveitendum. **- mþl**



**Á HÖFÐATORGI Í GÆR** Víglundur (til hægri) ásamt Sigurði G. Guðjónssyni lögmanni á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allt að 60% afsláttur

Úlpur 50% afsláttur
Krakkaúlpur 50% afsláttur
Útivistarjakkar 30% til 60% afsláttur
og fleira og fleira...

Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



**BATMAN ÞJÁLFAÐUR Í JÖKULSÁRLÓNI** Kvikmynd Christophers Nolan, Batman Begins, er ein fjölmargra smella frá Hollywood sem var tekin upp á Íslandi á síðustu árum.

# Endurgreiðslur vegna kvikmynda hækka

**Vinsældir Íslands meðal erlendra kvikmyndaframleiðenda aukast ár frá ári. Endurgreiðslur til framleiðenda hafa aldrei verið jafn háar og 2012. Alls hafa 26 erlendar kvikmyndir fengið endurgreiðslu frá ríkinu og 93 íslenskar myndir.**

**IÐNAÐUR** Íslenska ríkið hefur endurgreitt meira til kvikmyndaframleiðanda það sem af er þessu ári heldur en allt árið í fyrra, eða 392 milljónir króna.

Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu voru 190 milljónir endurgreiddar til framleiðenda árið 2010, þar af rúmlega 20 milljónir til erlendra framleiðenda, en samkvæmt lögum frá 2001 fá kvikmyndagerðarmenn endurgreidd tuttugu prósent framleiðslukostnaðar frá ríkinu. Samkvæmt því var framleiðslukostnaður vegna kvikmyndagerðar tæpir tveir milljarðar fyrri hluta þessa árs.

Innlendir framleiðendur fá yfirleitt hærri endurgreiðslur en þeir erlendu, enda eru þeir mun fleiri. Árið 2006 var þar undantekning, þegar erlendir framleiðendur fengu 122 milljónir endurgreiddar en 43 fóru til íslenskra.

Aldrei hafa fleiri erlendar kvikmyndir verið teknar upp hér á landi eins og undanfarin tvö ár. Fjöldi innlendra verkefna hefur að sama skapi aukist.

Jón Óskar Hallgrímsson, formaður nefndar iðnaðarráðuneytisins um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, segir greiðslurnar vera hugsaðar sem vítamínsprautu fyrir kvikmyndaiðnaðinn. Hann getur ekki gefið upp upphæðir endurgreiðslna til einstakra verkefna, þar sem ársreikningar þeirra séu ekki opinber gögn.

Einar Tómasson, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, segir þróunina afar ánægjulega og benda til að vinsældir landsins séu alltaf að aukast.

„Þetta er afskaplega gott mál. Þetta þýðir fjölgun verkefna, meiri erlendar tekjur og fleiri störf,“ segir hann. „En í þessum tölum eru heldur ekki auglýsingatekjurnar sem koma inn þegar stjörnurnar koma til landsins og „tvíta“ um hversu æðislegt það er að vera á Íslandi.“ Einar segir umfjöllun leikara og kvikmyndagerðarfólks um landið vera ómetanlega og erfitt sé að ná utan um hversu háum fjárhæðum hún skili í kassann.

Varðandi ástæður þessara vaxandi vinsælda segir hann að tuttugu prósenta endurgreiðslan skipti vissulega miklu máli, en einnig andinn í landinu og vilji stjórnvalda til að koma til móts við framleiðendur.

**sunna@frettabladid.is**

## Fjárhæð endurgreiðslna (milljónir)




## Fjöldi verkefna á Íslandi




## Um 450 titlar

Samkvæmt heimasíðunni the Internet Movie Database (www.imdb.com) hafa 444 kvikmyndir og sjónvarpsþættir verið teknir upp á Íslandi. Meðal þeirra eru Flags of Our Fathers, Batman Begins, Die Another Day, Tomb Raider, Prometheus, Stardust, Judge Dredd, Tree of Life, Dr. Strangelove, Fifth Element, Independence Day, Letters from Iwo Jima, League of Extraordinary Gentlemen, Star Trek, Oblivion, After Earth og Noah.

17 DAGA SÉRFERÐ TIL INDLANDS
17. október - 3. nóvember 2012

ÚRVAL-ÚTSÝN

STÓRKOSTLEG 17 DAGA FERÐ UM
INDLAND

MÆTTU Á KYNNINGARFUND
FIMMTUDAGINN 23. ÁGÚST
KL. 18.00 Í LÁGMÚLA 4



Skannaðu inn QR kóðan
og sjáðu spennandi myndband
um 17 daga sérferð til Indlands!

# AKUREYRI 150 ÁRA

**AFMÆLISTILBOÐ – 15.000 KR. BÁÐAR LEIÐIR** | **FLUGFELAG.IS** | **75** ÁR Á FLUGI

AKUREYRI




Mundu farsímavef okkar ef þig vantar upplýsingar um flugáætlun félagsins. Þú getur líka bókað flugið hér:

► **M.FLUGFELAG.IS**

*Nú er afmælis*

**TILBOÐ**

**Gildir frá 22. ágúst til 4. september 2012**

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ** því að mæta í afmæli. Það er virkilega hressandi að drekka kakó í góðra vina hópi, borða kökur, syngja afmælissönginn og fara í leiki. **Akureyri á 150 ára afmæli** á þessu ári og af því tilefni bjóðum við þeim sem ætla í veisluna aldeilis stórfínt tilboð á flugi til höfuðstaðar Norðurlands. Einungis bókanlegt á **flugfelag.is**

**Takmarkað sætaframboð**

*Frá 7.500 kr. aðra leið/Frá 15.000 kr. báðar leiðir.

*FLUGFÉLAG ÍSLANDS*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvar er hæsta húsaleiguverðið á höfuðborgarsvæðinu?*
2. *Hvað vill norska strandgæslan fá í skaðabætur vegna Goðafoss?*
3. *Hvaða hlutverk fer leikkonan Jóhanna Vigdís Arnardóttir með í uppsetningu Borgarleikhússins í vetur?*

**SVÖR:**

*1. Í Vesturbænum 2. 85 milljónir norskra króna 3. Mary Poppins*

Fimm menn handteknir vegna líkamsárása í Reykjanesbæ um helgina:

# Deila um flík leiddi til hópslagsmála

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður er mjög lemstraður, skorinn og marinn í andliti eftir að hafa í tvígang orðið fyrir árás hóps manna aðfaranótt sunnudags. Árásarmennirnir, sem í fyrra skiptið voru þrír en hafði fjölgað um einn í það seinna, voru allir handteknir og yfirheyrðir.

Ástæða barsmíðanna, að sögn Jóhannesar Jenssonar, yfirmanns rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum, var sú að einn fjórmenninganna taldi að sá sem fyrir ofbeldinu varð væri klæddur í peysu eða jakka í sinni eigu.

Ekki liggur fyrir hvort það átti við rök að styðjast en hann fann sig alltént knúinn til að hefna þess og freista þess að endurheimta flíkina. Við það fékk hann aðstoð félaga sinna, en í seinna skiptið þurftu þeir einnig að halda aftur af vinafólki fórnarlambsins, sem reyndi að koma því til hjálpar. Alls tóku sjö þátt í slagsmálunum þegar mest lét. Málið er enn í rannsókn.

Á svipuðum tíma braust hálfþrítugur maður inn í íbúðarhús í bænum og gekk í skrokk á húsráðanda sem hafði vaknað við ólætin þegar húsbrjóturinn mölvaði rúðuna í útidyrunum. Svo virðist sem hann hafi ætlað að gera upp sakir við mann sem reyndist alls ekki vera á staðnum. **- sh**



**ANNASAMT** Helgin var nokkuð annasöm hjá lögreglunni á Suðurnesjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölskylduhjálpin safnar:

# Kjólamarkaður opnar aftur

**HJÁLPARSTARF** Landssöfnun er hafin fyrir Fjölskylduhjálp Íslands og kjóla- og nytjamarkaður samtakanna í Eskihlíð í Reykjavík verður opnaður aftur eftir breytingar 22. ágúst næstkomandi.

Í tilkynningu frá Fjölskylduhjálpinni segir að samtökin biðli nú til landsmanna allra um framlög, enda sé mikil þörf á aðstoð til handa þeim sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Í fyrra afgreiddi Fjölskylduhjálpin 26.000 matargjafir til yfir fimm þúsund fjölskyldna og einstaklinga. **- sh**




# Sala án áfengisgjalds ekki upplýst af ÁTVR

**ÁTVR neitar að upplýsa um sölu á áfengi á kostnaðarverði til ríkisstofnana. Aðeins menntamálaráðuneytið og forsetaembættið hafa svarað Fréttablaðinu um innkaupin frá því fyrirspurn var send viðkomandi aðilum um miðjan júlí.**

**STJÓRNSÝSLA** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins telur sér óheimilt að veita upplýsingar um sölu fyrirtækisins á áfengi án áfengisgjalds.

Þann 10. júlí síðastliðinn óskaði Fréttablaðið eftir því við ÁTVR að fá upplýsingar um heildarsölu fyrirtækisins samkvæmt reglum um aðila sem rétt hafa á því að kaupa áfengi á kostnaðarverði. Spurt var um tímabilið 2005 til 2012 og beðið um sundurliðun eftir hverjum og einum sem heyrir undir reglurnar.



**SIGRÚN ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**

„ÁTVR telur að það sé óheimilt að veita upplýsingar sem snerta viðskiptavini. Jafnframt er það skoðun ÁTVR að upplýsingalögin taki ekki til svona tilvika enda taki þau til málefna viðkomandi stofnunar en ekki þriðja aðila,“ segir í svari sem barst 16. júlí frá Sigrúnu Ósk Sigurðardóttur, aðstoðarforstjóra ÁTVR.

Nánar um málið segir í svari ÁTVR að þótt starfsemi fyrirtækisins sé í stórum þáttum stjórnsýslulegs eðlis sé fyrirtækið engu að síður einkaaðili í skilningi upplýsingalaga.

„Lögin taka aðeins til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna,“ segir ÁTVR sem kveður sölu áfengis, hvort sem hún sé til einkaaðila eða opinberra aðila eins og ráðuneyta, ekki falla í þennan flokk. „Salan er hluti af þjónustustarfsemi ÁTVR sem er afdráttarlaust undanþegin skyldu til afhendingar upplýsinga. Fyrirspurnin fellur þannig utan gildissviðs laganna og er því hafnað.“




**ÁFENGISVERSLUN ÁTVR** Lög mæla fyrir um að tilteknir aðilar sem ríkisstjórnin ákveður og þeir sem njóta skattfrelsis á Íslandi samkvæmt alþjóðasamningum megi kaupa áfengi af ÁTVR án þess að borga áfengisgjald. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Salan er hluti af þjónustustarfsemi ÁTVR sem er afdráttarlaust undanþegin skyldu til afhendingar upplýsinga.
>
> **SIGRÚN ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**
> **AÐSTOÐARFORSTJÓRI ÁTVR**

Í framhaldi af svari ÁTVR óskaði Fréttablaðið þann 17. júlí eftir upplýsingum um áfengisinnkaup beint frá þeim aðilum sem falla undir áðurgreindar reglur samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þetta eru embætti forseta Íslands, Alþingi, ráðuneyti, embætti biskups Íslands auk sjálfs fyrirtækisins ÁTVR. Aðeins hafa borist upplýsingar frá forsetaembættinu, sem svaraði 23. júlí og mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem svaraði 13. ágúst. Aðrir ýmist hafa ekki svarað eða vísa til tímaskorts vegna sumarleyfa.

Meðal þess sem kemur fram í svörunum er að forsetaembættið keypti áfengi á kostnaðarverði fyrir 1.858.916 krónur árið 2008 og fyrir 1.887.410 krónur á árinu 2011. Sömu tölur fyrir menntamálaráðuneytið eru 1.063.460 krónur árið 2008 og 797.494 krónur í fyrra.









# HVAÐ SEGJA NEMENDUR

## um okkur og það nám sem er í boði?

**Nemendur okkar hafa síðustu 17 ár verið okkar besta auglýsing.**
**Við erum bæði auðmjúk og stolt yfir því að niðurstaða markaðsrannsóknar sem unnin var sl. vor sýndi að 97.6% hafa mælt með eða myndu gjarnan mæla með NTV við þriðja aðila.**

Ég fór á námskeið í Alvöru vefsíðugerð og starfa nú hjá einni af stærstu vefstofum landsins – Sigurður I. Jónsson, fyrrverandi nemandi í **Alvöru vefsíðugerð.**

Ég fór á Tölvuviðgerðanámskeið og MCTS og fékk vinnu í kjölfarið af því hjá Nýherja – Gunnar Geir Helgason, fyrrverandi nemandi í **Kerfisumsjónarnámi.**

Eftir að ég lauk námi í Sölu- og markaðsfræði hjá NTV náði ég settu marki hvað varðar vinnu og er kominn á þann stað sem ég stefndi á – Guðmundur Ágústsson, sölustjóri, fyrrverandi nemandi í **Sölu- og markaðsnámi.**

Ekkert annað en þetta er alveg frábær skóli – Ingvi Örn Jóhannsson, fyrrverandi nemandi í **Almennt tölvunám.**

Ég fór í Grunnnám í bókhaldi haustið 2011, var svo ánægð með námið og kennsluna að ég ákvað að skella mér í framhaldið strax á vorönn og sé ekki eftir því. Námið er skemmtilegt, hnitmiðað og á eftir að nýtast mér vel í starfi – Arndís Sif Birgisdóttir, fyrrverandi nemandi í **Grunnnámi í bókhaldi** og **Bókaranám framhald.**

Flott kennsla sem nýtist mér í mínu daglega starfi. Góð framtíðartengsl sem myndast við kennara og nemendur – Gunnar Ingi, kerfisstjóri, fyrrverandi nemandi í **MCITP kerfisstjórnun.**

Frábært nám í alla staði og hefur aukið mánaðarlegu innkomuna þó nokkuð – Agnar Rink, sjálfstætt starfandi, fyrrverandi nemandi í **Kerfisstjóranámi.**

Nám í tölvuviðgerum opnaði fyrir þá vinnu sem ég hef núna – Guðmundur Guðjónsson, þjónustufulltrúi, fyrrverandi nemandi í **Tölvuviðgerðarnámi.**

Frábær kennsla, aðstaða til fyrirmyndar og allt starfsfólk hið yndislegasta – Þórunn Sig., fyrrverandi nemandi í **Grafískri hönnun.**

Námskeið sem þú munt ekki sjá eftir – Kristján Finnsson, kerfisfræðingur, fyrrverandi nemandi í **Kerfisstjóranámi.**

Bæði góðir kennarar og skemmtilegir. Sumir eru með eigin rekstur sem gerir námið hagnýtara og „up to date" – Vilhjálmur Þór Gunnarsson, fyrrverandi nemandi í **Sölu-, markaðs- og rekstrarnámi.**

Námið í NTV er fjölbreytt og skemmtilegt og kennararnir frábærir, mæli hiklaust með skólanum – Eva Berglind Loftsdóttir, fyrrverandi nemandi í **Sölu- og markaðsnámi.**

Námið í Photoshop Expert var hnitmiðað og kennslan mjög svo góð, og ekki farið of hratt yfir efni sem er gott. NTV fær mína bestu einkunn – Valur Helgason, fyrrverandi nemandi í **Photoshop Expert.**

Nám hjá NTV er í alla staði til fyrirmyndar. Það er krefjandi, aðstaðan er góð og kennarar frábærir. Ég öðlaðist meiri færni og sjálfstraust að námi loknu og fékk vinnu í kjölfarið! – Anna Helgadóttir, ráðningarfulltrúi, fyrrverandi nemandi í **Grunnnámi í bókhaldi.**

Frábært nám, góðir kennarar og námsefnið til fyrirmyndar. Sjaldan skemmt mér eins vel við að læra. :-) – Kristinn Geir Guðnason, Production Engineer, fyrrverandi nemandi í **Diplomanám í forritun.**

Rosalega gott og krefjandi nám sem er klárlega þess virði – Jóhanna Eva Gunnarsdóttir, fyrrverandi nemandi í **Sölu- og markaðsnámi.**

Mæli eindregið með þessum skóla. Námið er spennandi og krefjandi og tala nú ekki um skemmtilega kennara. Námið hefur hjálpað mér mjög mikið með minn starfsframa og opnað margar dyr á vinnumarkaðinum – Þórunn Ester, fyrrverandi nemandi á **Skrifstofu- og bókhaldsbraut.**

Ég valdi kerfisstjóranámið þar sem mig langaði að vinna við þetta og komast betur inní tæknigeiran og áður en náminu lauk var ég kominn með starf hjá einu stærsta upplýsingatækni fyrirtæki landsins – Snorri Þórðarson, tæknimaður, fyrrverandi nemandi í **Kerfisstjóranámi.**

**Fleiri umsagnir er að finna á ntv.is ...**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**
ntv

Romney segist hneykslaður á ummælum flokksbróður síns um nauðganir:

# Ryan á sömu slóðum og Akin

**BANDARÍKIN** „Ummæli Akins þingmanns um nauðganir eru móðgun, óafsakanleg og satt að setja röng,“ sagði forsetaframbjóðandinn Mitt Romney um flokksbróður sinn, Todd Akin.

Akin hafði í sjónvarpsviðtali sagt að „raunverulegar nauðganir“ leiddu sjaldan til þungunar. Í kvenlíkamanum væri einhver ótilgreindur varnarbúnaður sem kæmi í veg fyrir þungun þegar konum væri nauðgað.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Akin hefur orðað svipaða hugsun, því á síðasta ári lagði hann fram frumvarp sem kemur í veg fyrir að fórnarlömb nauðgunar fái greiðslur frá hinu opinbera fyrir fóstureyðingu.

Þetta myndi til dæmis þýða að börn, sem yrðu barnshafandi af völdum barnaníðings, fengju ekki greitt fyrir fóstureyðingu, hafi níðingurinn ekki beitt þau líkamlegu ofbeldi. Meðflutningsmaður Akins að þessu frumvarpi var Paul Ryan, sem Romney hefur kosið að gera að varaforsetaefni sínu í forsetakosningum í nóvember. Þeir Romney og Ryan sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu, þar sem þeir segjast algerlega ósammála Akin: „Stjórn Romneys og Ryans yrði ekki andvíg fóstureyðingum í nauðgunartilvikum,“ segir í yfirlýsingunni. - gb



**PAUL RYAN** Varaforsetaefni Romneys ásamt þingmanninum Akin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

132 samningar á einni viku:

# Fasteignavelta yfir meðaltali

**VIÐSKIPTI** Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu var um 24 prósentum meiri í annarri viku ágústmánaðar en nemur meðaltali síðustu tólf vikna þar á undan.

Fram kemur á vef Þjóðskrár að á tímabilinu 10. til og með 16. ágúst hafi slíkir samningar verið 132 á höfuðborgarsvæðinu. Tólf vikna meðaltalið er 106. Heildarveltan var 3.468 milljónir króna og meðalupphæð á samning 26,3 milljónir króna,“ segir á vef Þjóðskrár. - óká



**ÞRÖNG Á ÞINGI Í SUNDI** Í Sichuan-héraði í suðvestanverðu Kína flykktist fólk í sund til að kæla sig í hitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Í HÖFN** Fjölmargir smábátar á miðunum eru plastbátar.

FNV og Siglingamálastofnun:

# Bjóða nám í plastbátasmíði

**MENNTAMÁL** Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hefur í samvinnu við Siglingastofnun Íslands skipulagt nám í plastbátasmíði sem skólinn mun bjóða upp á í vetur. Námið er afrakstur samstarfsverkefnis sem styrkt er af Leonardo-hluta Menntaáætlunar Evrópusambandsins, en að því koma Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Sveitarfélagið Skagafjörður og fleiri.

Kennsla hefst í síðari hluta september. Gert er ráð fyrir að þeir sem sækja námskeiðið hafi að lágmarki 12 mánaða starfsreynslu við plastbátasmíði. - shá

# Hætta þegar meðferð hefst

**Karlmenn sem beita heimilisofbeldi bregðast fljótt við meðferð. Líkamlegt ofbeldi hættir nær alltaf þegar meðferð hefst. Andlega ofbeldið er vandmeðfarnara. Meðferðin hefur náð til um 200 karla frá upphafi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Reynsla af meðferð fyrir karla sem beita heimilisofbeldi er sú að þeir hætta að beita líkamlegu ofbeldi strax eftir að meðferð hefst. Verulega dregur úr andlegu ofbeldi en lengri tíma tekur að uppræta þann hluta vandans. Framtíðaráherslur eru á að auka þjónustuna og samstarf við fagaðila; auka þjónustu við landsbyggðina, auka þjónustu við nýbúa og bjóða konum sem beita ofbeldi á heimili upp á meðferð.



**EINAR GYLFI JÓNSSON**

Þetta segir Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur að sé hin almenna klíníska reynsla af þeirri meðferð sem boðin er karlmönnum og fjölskyldum þeirra undir merkjum Karla til ábyrgðar (KTÁ). Einar Gylfi er annar þeirra sem sjá um meðferðina, hinn er Andrés Ragnarsson sálfræðingur. „Þeir sem koma til okkar eru sjálfir að leita að hjálp og við getum ekki fullyrt að þessi hópur sé þverskurður af þeim sem beita ofbeldi. Hópur manna réttlætir það fyrir sjálfum sér að þetta sé í lagi og við sjáum ekki þann hóp,“ segir Einar Gylfi. Eins og nafnið bendir til er þungamiðja meðferðarinnar að taka ábyrgð á eigin ofbeldishegðun og í framhaldinu að þróa leiðir til að takast á uppbyggilegan hátt á við það sem upp kann að koma í samskiptum. Allir sem leita til KTÁ byrja í einstaklingsviðtölum. Í framhaldinu er síðan ákveðið hvort hentar viðkomandi betur, einstaklings- eða hópmeðferð. Auk þess er mökum boðið upp á tvö viðtöl.

Einar segir það liggja fyrir að meðferðarúrræðið nái aðeins til brotabrots af þeim karlmönnum sem beita ofbeldi. „Við vitum að lögreglan hefur afskipti af heimilisofbeldi hverja einustu helgi, og þessir menn eru ekkert að koma til okkar. Lögregla hefur haft afskipti af minnihluta þeirra mála sem við fáum á okkar borð.“

Í frétt velferðarráðuneytisins þegar átakið var endurvakið árið 2006, en því var haldið úti árin 1998 til 2002, segir að talið sé að árlega séu um 1.100 konur beittar ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Frá því að meðferðarúrræðið var endurvakið hafa 144 einstaklingar komið í eitt viðtal eða fleiri. Árið 2011 komu 32 nýir karlar í viðtöl, auk þess sem nítján héldu áfram í viðtalsmeðferð frá fyrra ári. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu var 219. Að meðaltali voru 4,8 viðtöl á hvern skjólstæðing á árinu.

Einar Gylfi segir brýnt að efla samstarf fagaðila sem með beinum hætti sinna heimilisofbeldi og nefnir í því sambandi lögreglu og Barnaverndarstofu, en stigin hafa verið nokkur skref í þá átt. Samstarfið við Barnaverndarstofu hefur leitt af sér meðferð fyrir börn og aukna þjónustu við maka í samráði við Kvennaathvarfið. svavar@frettabladid.is



**HEIMILISOFBELDI** Tíðasta ofbeldið á heimili er andlegt ofbeldi. Barsmíðar og meiðingar eru hápunktar ofbeldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR






**MANNVIRKJAGERÐ** Alla þá fækkun sem hefur orðið á erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði frá 2008 má rekja til starfsmanna í mannvirkjagerð og iðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Erlendum starfsmönnum fækkað mikið í mannvirkjagerð:

# Hlutfall erlendra starfsmanna breyttist lítið

**VINNUMARKAÐUR** Hlutfall erlendra ríkisborgara af þátttakendum á vinnumarkaði lækkaði einungis lítillega á árinu 2011 eftir að hafa lækkað hratt árin á undan. Erlendir ríkisborgarar voru alls 8,2% af öllum á vinnumarkaði árið 2011. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Vinnumálastofnunar um erlenda ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði.

Eftir hrun íslensku viðskiptabankanna haustið 2008 fækkaði erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði hratt árin 2009 og 2010. Árið 2008 voru alls 18.070 erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði en þeim fækkaði í 15.070 á árinu 2010. Á síðasta ári fækkaði þeim svo í 14.600.

Nær alla fækkunina á þessum árum má rekja til starfsmanna í mannvirkjagerð og iðnaði. Þannig hefur erlendum starfsmönnum í þessum greinum fækkað úr 9.230 árið 2008 í 5.290 á síðasta ári. Erlendum starfsmönnum í öðrum greinum hefur hins vegar fjölgað örlítið, úr 9.230 árið 2008 í 9.310 á síðasta ári.

Eins og áður sagði voru erlendir ríkisborgarar 8,2% af öllum á vinnumarkaði á síðasta ári en það hlutfall náði hámarki árið 2008 þegar það var 9,9%. Samhliða fækkun erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði hefur atvinnuþátttaka hópsins einnig dregist saman. Farið úr 85,1% árið 2008 í 82,1% á síðasta ári. Á sama tíma hefur atvinnuþátttaka íslenskra ríkisborgara lækkað úr 82,3% í 80,2 prósent. - mþl

B-flokkuð lyf fundust:

# Sala fæðubótarefna stöðvuð

**HEILBRIGÐISMÁL** Stöðvuð hefur verið sala á tveimur tegundum fæðubótarefna í verslunum Sportlífs, jafnt á netinu sem í verslunum í Glæsibæ og Holtagörðum.

Á vef Matvælastofnunar kemur fram að um sé að ræða Vitamin B-Complex 75 frá fyrirtækinu BioTech USA í Bandaríkjunum og StressCaps frá franska fyrirtækinu FoodCaps. Í báðum tilvikum var í fæðubótarefnunum að finna plöntuafurðir sem fengið hafa B-flokkun lyfja hjá Lyfjastofnun. - óká

Dönsk stjórnvöld leggja fram víðtæka áætlun um gagnsæi í neytendamálum til að auka öryggi:

# Aukið eftirlit með verði og ráðgjöf banka

**DANMÖRK** Umboðsmaður neytenda í Danmörku á í framtíðinni að fá möguleika til að fylgjast með verðstefnu bankanna. Þar með munu bankar fara undir sama hatt og seljendur notaðra bíla, útvarpa, reiðhjóla og alls mögulegs annars. Á fréttavef Politiken segir að þetta sé liður í víðtækri áætlun danskra stjórnvalda um aukið gagnsæi í neytendamálum.

Þar til árið 2002 fylgdist umboðsmaður neytenda í Danmörku með verðupplýsingum bankanna en margra ára deilu þáverandi umboðsmanns og lánastofnana lauk með því að danska þingið fól fjármálaeftirlitinu verkefnið. Það hefur hins vegar um árabil sætt gagnrýni fyrir að gera ekki nóg. Verkefninu verður framvegis sinnt af bæði umboðsmanni neytenda og fjármálaeftirlitinu.

Við nýlega könnun danska fjármálaeftirlitsins á þrjátíu bönkum komu í ljós villur í verðupplýsingum 29 banka. Sumir voru kærðir til lögreglu en aðrir fengu áminningu og sektir, að því er kemur fram á vef Politiken.

Þar er jafnframt greint frá því að hægt verði að sekta banka fyrir að gefa viðskiptavinum slæm ráð um lán. Viðskiptavinir eiga ekki lengur að geta keypt húsnæði sem er eiginlega of dýrt með því að fjármagna það með ódýrum en jafnframt áhættusömum lánum. - ibs




**Í DANMÖRKU** Hægt verður að sekta banka gefi þeir slæm ráð um lán. NORDICPHOTOS/AFP




**DANSKUR BJÓR** Bjórinn sem Danir kaupa í Þýskalandi er oft danskur.

Viðskipti við landamærin:

# Danir kaupa danskan bjór í Þýskalandi

**DANMÖRK Nær sex af hverjum tíu Dönum hafa síðastliðið ár keypt bjór og gosdrykki í verslunum í Þýskalandi rétt við landamæri Danmerkur, að því er niðurstöður könnunar dönsku kaupmannasamtakanna sýna.**

**Fyrir fjórum árum var þessu öfugt farið. Þá svöruðu 62 prósent að þau versluðu aldrei eða næstum aldrei hinum megin landamæranna.**

**Stór hluti drykkjanna sem Danir kaupa í Þýskalandi er framleiddur í Danmörku. Í fyrra fluttu Danir út 1,2 milljarða eininga til landamæraverslana í Þýskalandi.** - ibs

Átta milljónir í dagstúr:

# Bíldsey SH setti nýtt aflamet

**SJÁVARÚTVEGUR** Smábáturinn Bíldsey SH setti á dögunum nýtt aflamet. Báturinn kom með 22,5 tonn í land eftir túr þann 13. ágúst og hefur smábátur yfir tíu brúttótonnum aldrei veitt meira. Fyrra metið var 22,3 tonn. Frá þessu er greint á vef Aflafrétta.

Báturinn er þrjátíu tonna krókaflamarksbátur með fjóra í áhöfn. Aflinn sem var að mestu leyti þorskur var tekinn á sextán rekka eða 19.600 króka. Þorskurinn fór allur beint í sölu en aðrar tegundir voru seldar á fiskmarkaði. Skipstjórinn gerir ráð fyrir því að verðmæti aflans nemi milli sjö og átta milljónum króna. - bbi

Eignarhald áfram óbreytt:

# Fréttatíminn ræður ritstjóra

**FJÖLMIÐLAR Mikael Torfason, blaðamaður og rithöfundur, hefur verið ráðinn ritstjóri Fréttatímans við hlið Jónasar Haraldssonar.**

**„Báðir hafa þeir áratuga reynslu af fjölmiðlum, Jónas yfir 35 ára reynslu en Mikael hefur verið kraftmikill blaðamaður á Íslandi síðustu sextán ár,“ segir í tilkynningu. Um leið tekur Valdimar Birgisson, auglýsingastjóri Fréttatímans, við framkvæmdastjórastarfinu af Teiti Jónassyni. Teitur verður áfram útgefandi blaðsins og útgáfustjóri. Breytingarnar eru sagðar liður í endurskipulagningu en eignarhald verði áfram óbreytt.** - óká




**207,0 ER GENGISSKRÁNING** íslensku krónunnar. Gengi krónunnar hefur styrkst um 9,3% frá 1. maí.



**HARPA** Tekjur hússins hafa verið mun lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir og kostnaður meiri. Hinn aukni kostnaður er þó að langmestu leyti vegna hærri fasteignagjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Munar um hálfum milljarði á áætlunum

**Í rekstraráætlun Hörpu sem lögð var fram í fyrra kemur fram að húsið ætlaði sér strax 45 prósenta markaðshlutdeild á ráðstefnumarkaði. Nánast allar tekjur lægri og gjöld hærri en lagt var upp með. Munurinn er um hálfur milljarður.**

Tekjur Hörpu, án framlags eigenda, á rekstrarárinu 2012 eru 255,9 milljónum króna lægri en lagt var upp með. Þá er kostnaður við rekstur Hörpu 233,9 milljónum króna hærri. Því munar alls um 489,8 milljónum króna á því sem lagt var upp með í nýjustu áætlunum fyrir árið 2012. Til viðbótar leggja eigendur Hörpu, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, Hörpu til 983 milljónir króna í ár. Það fé fer í greiðslu fjármagnskostnaðar.

Þetta kemur fram við samanburð á rekstraráætlun Portussamstæðunnar, sem á Hörpu, fyrir árin 2011-2014 og úttekt sem KPMG gerði á rekstri og skipulagi Hörpu og skilað var nú í lok maí. Fréttablaðið hefur rekstraráætlunina undir höndum. Í KPMG-úttektinni kom fram að rekstrartap Hörpu yrði 407 milljónir króna í ár.

Fyrri rekstraráætlunin var kynnt fyrir stjórn Austurhafnar-TR, eignarhaldsfélags í eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar sem á allt hlutafé í Portussamstæðunni, í byrjun febrúar 2011, eða sextán mánuðum áður en KPMG skilaði úttekt sinni.

Ljóst er að fátt hefur staðist í þeirri áætlun sem upphaflega var lögð fram. Samkvæmt henni áttu tekjur af ráðstefnuhaldi til mynda að vera 216,4 milljónir króna í ár. Í úttekt KPMG segir að þær verði líkast til 130,7 milljónir króna.

Samkvæmt áætluninni sem lögð var fram í fyrra voru forsvarsmenn Hörpunnar afar bjartsýnir á þessa tekjuöflunarleið. Þar segir meðal annars að „fyrstu árin mun Harpa ekki vera með hótel, sem takmarkar möguleika hússins á að vinna markaðshlutdeild þó að það séu hótel í nágrenninu. Hér verður því gert ráð fyrir að Harpa nái 45% markaðshlutdeild árið 2012 eða rúmlega 52.000 manns. Gert er ráð fyrir að markaðshlutdeild Hörpu aukist úr 45% í 52% á þremur árum um leið og markaðurinn stækkar vegna fjölgunar ferðamanna og þar sem ráðstefnum vegna fagfélaga fjölgar. […] Reiknað er með að hótelið verði komið í notkun síðla árs 2013.“ Nú er talið að hótelið muni taka til starfa árið 2015.

Þá var talið að framlag frá eignarhaldsfélaginu Stæðum, sem sér um rekstur bílastæðahúss Hörpu, yrði 133,2 milljónir króna. Í raun varð það 37 milljónir króna.

Eini tekjuliðurinn, fyrir utan fasta leigutaka, sem virðist hafa staðist er vegna tekna af listviðburðum. Í áætluninni segir að gert hafi verið ráð fyrir 196 þúsund gestum á tónlistarviðburði á árinu 2012 og að 2,5 prósenta aukning verði á milli ára. Við það mat var miðað við „þekktar aðsóknartölur fastra notenda Hörpu á síðasta ári, s.s. SÍ, ÍÓ, Listahátíð, Airwaves og aðrar tónleikaraðir og hátíðir sem hafa hug á að hafa starfsár sitt í Hörpu. Gert er ráð fyrir 20% aukningu á tölurnar vegna flutnings þessara aðila í betri og stærri húsakynni í Hörpu.“ Auk þess var gert ráð fyrir sextíu prósenta nýtingu á sölunum í hvert skipti sem tónleikar færu þar fram.

Gert var ráð fyrir því að um 55 þúsund manns kæmu sérstaklega í veislur á borð við brúðkaup, árshátíðir og erfisdrykkjur í Hörpu á hverju ári. Í áætluninni segir: „Um getur verið að ræða erlenda gesti sem eru hér á landi á ráðstefnum og njóta kvöldverðar í sölum hússins, innlenda gesti sem koma á árshátíðir fyrirtækja í húsinu og/eða einkasamkvæmi sem haldin eru í húsinu. Það er gert ráð fyrir að tekjuaukning í salaleigu vegna veislugesta verði 10% milli áranna 2012 og 2013 en aukist svo upp í 15% milli áranna 2013 og 2014.“ Í lok síðasta árs var tilkynnt að hætt væri að bóka árshátíðir í Hörpu þar sem slíkur gleðskapur var ekki talinn fara saman við aðra starfsemi í húsinu.

thordur@frettabladid.is

## Rekstraráætlun Portusar fyrir árið 2012

(upphæðir í milljónum króna)

| | Áætlun kynnt í febrúar 2011 | Áætlun í úttekt KPMG í maí 2012 |
|---|---|---|
| **Tekjur:** | | |
| Leigutekjur Sinfónía | 111,5 | 122,8 |
| Leigutekjur Ísl. óperan | 40,5 | 48,6 |
| Listviðburðir | 113,3 | 144,6 |
| Ráðstefnur | 216,4 | 130,7 |
| Rekstrarleyfissamningar | 143,4 | 122,7 |
| Samstarfsverkefni | 67,5 | 3,4 |
| Miðasöluþóknanir | - | 92,8 |
| Framlag frá Stæðum | 133,2 | 37 |
| Aðrar tekjur | 65,8 | 20,3 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **978,8** | **722,9** |
| **Gjöld:** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 231,4 | 309 |
| Bruna- og viðlagatrygging | - | 22,6 |
| Fasteignaskattar og gjöld | 99 | 336,9 |
| Húsnæðiskostnaður | 181 | 162,6 |
| Viðhald | 106,2 | 56,1 |
| Samstarfsverkefni | 40,5 | 1 |
| Markaðskostnaður | 61,4 | 52,1 |
| Annar rekstrarkostnaður | 155,3 | 80,9 |
| Kostnaður við miðasölu | - | 60,9 |
| Kostnaður vegna útleigu | - | 47 |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | **895,6** | **1.129,5** |




Ertu með í fjörið?

Köben / London / Berlín frá:

15.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

Iceland Express
– lækkar verð



Gerðu betri kaup í Berlín!

14.–17. september 2012
Verð á mann í tvíbýli frá:

64.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í þrjár nætur á Holiday inn Express Berlin City Centre***

FITON / SÍA

Express ferðir
590 0100 | www.expressferdir.is

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

# TAX FREE DAGUR



## AFNEMUM VSK
## af öllum ritföngum og skólatöskum

Gildir aðeins þriðjudaginn 21. ágúst.




tax free verð **239** kr/stk fullt verð 299.-

tax free verð **39** kr/stk fullt verð 49.-

tax free verð **103** kr/stk fullt verð 129.-

tax free verð **79** kr/stk fullt verð 99.-

tax free verð **3.119** kr fullt verð 3.899.-


24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri


Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Gildir 21. ágúst á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ódýrara og skilvirkara kerfi hlýtur að vera til:

# Handhafarnir og handaböndin

Talsvert hefur verið rætt síðustu daga um þá hefð að einn af handhöfum forsetavalds þurfi ævinlega að fylgja forseta Íslands á flugvöllinn þegar hann fer til útlanda í embættiserindum og kveðja hann með handabandi. Ríkisútvarpið sagði frá því að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vildi afnema þetta fyrirkomulag. Síðar kom í ljós að forsetinn vill halda því. Eins og stundum áður mótast afstaða margra til málsins af afstöðu til persóna; hvort þeir eru hrifnari af Jóhönnu eða Ólafi Ragnari forseta.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Efnislega er hins vegar ástæða til að velta þessu fyrirkomulagi fyrir sér. Í yfirlýsingu forsetaembættisins segir að fylgdin á flugvöllinn og handabandið snúist um að þannig sé forsetavaldinu afsalað til handhafanna samkvæmt hefð sem sé orðin hluti af stjórnskipuninni. „…ekki hefur fundist annað form sem tryggði jafn vel að enginn vafi væri um stað og stund slíkrar breytingar á forsetavaldinu…“ segir í yfirlýsingunni.

Hefðir eru hins vegar að sjálfsögðu ekki óumbreytanlegar. Í Fréttablaðinu á laugardag var greint frá því hvernig vald forsætisráðherra færist til staðgengla hans. Það gerist einfaldlega sjálfkrafa þegar ráðherrann fer úr landi, nema hvorugur staðgengillinn sé á landinu, þá þarf að gefa út sérstakan forsetaúrskurð um staðgengil.

Fyrst forsætisráðherra getur afsalað sér valdi sínu til staðgengils með þetta skilvirkum hætti og að því er virðist án vandkvæða, hlýtur að vera hægt að finna álíka einfalda lausn í tilviki forsetans og staðgengla hans. Það á ekki sízt við af því að forsætisráðherrann er miklu valdameiri en forsetinn og ætla má að eftir því sem embættið er valdameira skipti meira máli að formsatriði af þessu tagi séu í lagi. Í helgarblaðinu kom reyndar líka fram að stundum hefði enginn handhafanna átt heimangengt þegar forseti brá sér af bæ. Enginn mun hafa tekið eftir því að stjórnskipunin væri í uppnámi á meðan.

Handhafar forsetavaldsins eru upptekið fólk á háum launum og alveg fráleit eyðsla á fé skattgreiðenda að þeir þurfi að skutlast til Keflavíkur í hvert sinn sem forsetinn þarf að fara af landi brott, sem er býsna oft í seinni tíð. Hefðin hefur sjálfsagt verið alveg ágæt í árdaga forsetaembættisins, þegar forsetinn fór kannski einu sinni á ári til útlanda, en hún er úrelt, dýr og óskilvirk í nútímasamfélagi.

Það sama á reyndar við um handhafafyrirkomulagið sem slíkt. Eins og svo margt annað í stjórnarskránni var það hugsað til bráðabirgða. Á undanförnum árum hafa ýmsir sett fram rökstuddar efasemdir um þetta fyrirkomulag. Í net- og farsímavæddum heimi virðist til dæmis ekki nauðsynlegt að forsetinn þurfi að afhenda handhöfunum vald sitt þótt hann fari til útlanda.

Þetta sérstæða afleysingakerfi hefur haft afkáralegar hliðarverkanir, eins og þá að vegna langra fjarvista forsetans hafa handhafarnir hækkað myndarlega í launum, á kostnað skattgreiðenda. Þeir skipta nefnilega með sér einum forsetalaunum á meðan aðal er í burtu.

Í drögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá er lagt til að staðgengill forsetans verði aðeins einn, forseti Alþingis, og hann taki við forsetavaldinu geti forsetinn ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum. Það virðist mun meira vit í slíku fyrirkomulagi en því sem við búum við núna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ÞÓRSHAMAR
KARATE
GÓÐ ALHLIÐA LÍKAMSRÆKT



BYRJENDA-NÁMSKEIÐIN AÐ HEFJAST!

18.000 kr. önnin
Börn (byrjendur) 7 ára og eldri:
þriðjudaga 16:20-17:10
og laugardaga 9:30-10:20

22.000 kr. önnin
Fullorðnir (byrjendur):
þriðjudaga og fimmtudaga 20-21
og laugardaga 14-15

Fjölskylduafsláttur ★ Kennsla hefst 23. ágúst ★ Frístundakort ★ Frír prufutími

Nánari upplýsingar á heimasíðu www.thorshamar.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ólík áhrif

Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg hafa látið hátt vegna þeirrar ákvörðunar borgaryfirvalda að loka neðri hluta götunnar fyrir bílaumferð að sumarlagi. Framkvæmdastjórinn Björn Jón Bragason segir verslun í miðbænum hreinlega vera í hættu ef tilraunastarfseminni verði haldið áfram næstu ár. Það er forvitnilegt að á sama tíma óska kaupmenn við Skólavörðustíg eftir því að gatan verði lokuð lengur fram á sumarið en fyrirhugað var, af því að þar hafi allt gengið svo vel. Björn Jón getur ekki skýrt þetta öðruvísi en að sumarlokun hafi kannski bara ólík áhrif eftir götum.



### Sjö

Það er þó líka rétt að halda því til haga að margir aðrir kaupmenn við Laugaveg hafa lýst sig himinlifandi með lokunina. Og þótt andstaða samtakanna sem Björn Jón mælir fyrir hafi vissulega verið hávær, þá gæti gleymst að í stjórn samtakanna eru aðeins fulltrúar sjö verslana. Á stofnfundinn mættu litlu fleiri. Við Laugaveginn eru hins vegar um hundrað verslanir.



### Allt ömurlegt

Ásmundur Einar Daðason skrifar mikla grein í Morgunblaðið í gær um kosti Framsóknarflokksins. Það er helst á honum að skilja að ríkisstjórnin sem nú situr hafi verið ómöguleg frá fyrsta degi. Menn geta svo sem haft ólíkar skoðanir á því. Það á líka við um Ásmund Einar, sem virðist hafa gleymt því að þar til í fyrra var hann liðsmaður annars stjórnarflokksins og framan af bara nokkuð ánægður með ríkisstjórnina sína.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Heima og að heiman!

Hjálparstarf



Jónas Þórir Þórisson
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Nú er það skóladótið sem Hjálparstarf kirkjunnar er að deila út; stílabækur, reiknivélar, möppur, plasthulstur og allt hitt sem foreldrar skólabarna þekkja af innkaupalista skólanna. Þetta getur orðið býsna stór biti þar sem börnin eru fleiri en eitt og tekjurnar lágar. Auk þess hafa börnin vaxið og ný stígvél, kuldagalli, húfur og íþróttaföt eru oft líka á listanum. Þessu svarar Hjálparstarfið með gjöfum af eigin lager eða inneignarkorti í verslun. Þetta er mikils metin aðstoð og stór liður í aðaláherslu Hjálparstarfsins að hlúa að börnum – að þau finni sem minnst fyrir kreppu og fátækt foreldra. Allir skila inn gögnum um tekjur og útgjöld svo fjármunum Hjálparstarfsins sé sem best varið.

> Hjálparstarf kirkjunnar hefur skyldum að gegna heima og erlendis.

Jafnvel enn mikilvægara en skóladótið í grunnskólanum, er að styðja unglinga til að ljúka framhaldsskóla. Þeir eiga ekki kost á námslánum og þeir sem sækja til Hjálparstarfsins eiga ekki bakhjarl er getur stutt þá fjárhagslega. Þarna skapast hættutímabil sem Hjálparstarfinu er mikið í mun að brúa – halda ungmennum í skóla þar til þau öðlast starfsréttindi eða komast í lánshæft nám. Þörf hópsins sem stendur í þessum sporum kom fyrst í ljós í gegnum viðtöl félagsráðgjafa og foreldra sem sóttu um aðstoð Hjálparstarfsins. Nú vinna með okkur námsráðgjafar í skólum og félagsráðgjafar um allt land, til að koma auga á þessa krakka og vísa þeim á aðstoð. Við erum stolt af því að rjúfa þarna vítahring lítillar menntunar og láglaunastarfa með aðstoð vegna skólagjalda, bókakaupa og öðrum stuðningi eftir aðstæðum.

Á meðan á þessum haustönnum stendur heima, glíma mörg lönd í Afríku við uppskerubest og hungur og þar á meðal eru íbúar í Malaví en þar hefur Hjálparstarfið sinnt hjálparstarfi í mörg ár sem hefur það markmið að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Hjálparstarfið hefur sótt um styrk til utanríkisráðuneytisins, á móti eigin framlagi, til að brúa þar bilið til næsta uppskerutíma. Hjálparstarf kirkjunnar hefur skyldum að gegna heima og erlendis. Með þinni hjálp reynum við að standa okkur í stykkinu. Vefurinn framlag.is er alltaf opinn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skuldadagar. Um Ísland í Evrópu

Evrópumál

Árni Páll Árnason
alþingismaður



Í fyrri greinum hef ég rakið þann mikla ávinning sem við höfum haft af opnun hagkerfisins með EES-samningnum en líka rætt hversu berskjölduð við urðum þá fyrir hræringum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Markmið okkar hlýtur nú að vera að koma Íslandi aftur í full tengsl við hið alþjóðlega viðskiptaumhverfi, en tryggja okkur líka fullnægjandi hagvarnir svo að við verðum ekki aftur jafn berskjölduð og við höfum verið síðustu ár. Og stóra spurningin er hvort það sé mögulegt innan EES eða hvort það verði auðveldara með aðild að ESB?

Fyrst af öllu þurfum við þá að greina rétt þann vanda sem nú steðjar að mörgum Evrópuríkjum. Sumir kenna evrunni um stöðuna og aðrir segja vandamálið einungis vera skuldavanda sumra aðildarríkja evrunnar. Málið er hins vegar flóknara er svo.

Fjármálakreppan frá 2008 hefur nú þróast í torleysta skuldakreppu. Heimili á Vesturlöndum hafa um áratugi gengið á eigið fé og aukið skuldsetningu sína. Þetta á við um Bandaríkin, Bretland, ýmis evruríki og svo Ísland, en í misríkum mæli. Skuldsetning í atvinnulífi hefur líka aukist í kjölfar sífellt fjölbreyttara framboðs á fjármálaþjónustu. Sama má svo segja um hið opinbera – ríki og sveitarfélög – í ýmsum ríkjum. Evran greiddi að mörgu leyti fyrir þessari þróun, því með henni fengu flest aðildarríkin og bankar þeirra aðgang að lánsfé á mun lægri kjörum en þeim hefðu ella boðist. Fleiri og fleiri gátu því tekið hærri og hærri lán. En það þurfti ekki evruna til – þar er reynsla Íslendinga ólygnust. Bætt lánshæfismat íslenska ríkisins nýttist íslenskum bönkum til útþenslu með sama hætti.

Grunnurinn að vandanum er því skuldsetning heimila, fyrirtækja og opinberra aðila. Þeim mun fleiri þættir efnahagslífsins sem eru skuldsettir upp í rjáfur, því minna svigrúm er til að takast á við óvænt áföll. Þess vegna er enginn eðlismunur á orsökum vanda evruríkjanna Spánar, Írlands og Portúgals og svo Lettlands, Ungverjalands og Bretlands. Eini munurinn felst í því hversu víðtæk skuldsetningin var og hvort það var ríkið sjálft, sveitarfélögin, bankakerfið, heimilin eða fyrirtækin sem stofnuðu til skuldanna. Sú staðreynd að reglur innri markaðarins byggja á því að hvert ríki um sig styðji við og regli eigið fjármálakerfi veldur því hins vegar að vandi banka verður fljótt vandi þjóða á hinum evrópska markaði. Þar gildir einu hvort við eigum í hlut eða evruríki. Spurningin er bara hversu vel eða illa gengur að komast hjá því að bankakerfi í vanda verði viðkomandi þjóð að fótakefli.

Þegar harðnar á dalnum hætta bankar að geta lánað og lánsfé verður torfengnara og hækkar í verði. Bankar vilja að lán séu greidd upp eða vextir hækki.

Afleiðingarnar verða ólíkar eftir því hvaða land á í hlut, en þær eru alltaf erfiðar. Ísland byggði allt sitt á erlendum lánum. Fyrir vikið komu áhrif versnandi skilyrða að fullu og öllu fram á gjaldeyrismarkaðnum. Erlendir bankar heimtuðu að íslenskir skuldarar borguðu lánin sín. Spákaupmenn vildu líka breyta krónunum sínum í evrur. Enginn gjaldeyrir var til og krónan hrundi.

Evran veldur því að kreppan hefur annars konar áhrif á evruríkin. Innan evrusvæðisins er ekki um gjaldeyrisyfirfærslur að ræða. Þar koma afleiðingar fram á skuldabréfamarkaði, þar sem áhættuálag á skuldug ríki og skulduga banka eykst. Ríkin þurfa að verja meira fé til að styðja við fjármálakerfi sín. Hóflegar ríkisskuldir geta fljótt orðið algerlega óviðráðanlegar þegar vaxtastigið fer upp úr öllu valdi. Vandinn er sá sami, en afleiðingarnar verða aðrar.

Hið öfugsnúna er að við núverandi aðstæður ýkir evran aðstöðumun aðildarríkjanna. Lántökukostnaður Þjóðverja hefur þannig lækkað stórlega á meðan kostnaður annarra hefur hækkað. Spánverjar og Ítalir hafa undanfarið þurft að borga 6-7% vexti á 10 ára skuldabréfum, en Þjóðverjar borga nú rétt rúmt prósent og njóta neikvæðra vaxta á bréfum til tveggja ára – fjárfestar borga sem sé fyrir að fá að lána Þjóðverjum peninga til skamms tíma. Fjármögnunarkjör þessara þjóða voru hins vegar áþekk fyrir 2008. Þjóðverjar hafa þannig sparað sér tugi milljarða evra í vaxtagjöld á þessu ári einu, á meðan öll önnur lönd þurfa að skuldsetja sig – og almenning – til að standa skil á vaxtagreiðslum, sem oftar en ekki renna á endanum til þýskra banka.

Þetta ójafnvægi hefur sífellt víðtækari áhrif. Vaxtastig það sem ríkið borgar er það gólf sem vaxtastig allra annarra miðast við. Þannig mun vaxtakostnaður ítalskra og spænskra fyrirtækja rjúka upp að óbreyttu þegar þarlendir bankar munu hækka vexti. Augljóst virðist því að þessi staða muni að óbreyttu valda vaxandi misvægi á evrusvæðinu, sem birtist í lakari samkeppnisstöðu banka í ríkjum í erfiðleikum, hættu á fjármagnsflótta og mismun í fjármögnunarkjörum ríkja sem er langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

Evran hafði þannig áhrif til að auka skuldsetningu sumra evruríkja og hún ýtir – við núverandi aðstæður – undir misvægi milli aðildarríkja, en hún er sem slík hvorki orsök vanda allra evruríkja né hindrun í vegi skynsamlegra lausna á vandanum. Ekki má gleyma því að evran kemur líka í veg fyrir að menn geti beitt hefðbundnum lausnum sem ríki hafa gripið til í alvarlegum fjármálakreppum hingað til – stórfelldum gengisfellingum, höftum á fjármagnsútstreymi og einangrunarstefnu í milliríkjaviðskiptum. Það er auðvelt að mæla með hinni „íslensku leið“ stórfelldrar gengisfellingar – sem felur í sér launalækkun um tugi prósenta – en við vitum líka að slík leið skapar engin verðmæti heldur einfaldlega flytur þau til. Ef allir færu hana, væru allir á sama stað.

Ef evran á að lifa, þurfa aðildarríkin að takast á við hið raunverulega misvægi sem er að baki kreppunni og þá veikleika sem þegar hafa komið fram í evrusamstarfinu. Á sama tíma er það misvægi sem olli hér bankahruni og haftabúskap óleyst. Þetta misvægi ógnar ekki bara stöðugleika evrusamstarfsins heldur líka umgjörð frjálsra fjármagnshreyfinga á hinum samevrópska markaði. Ef ekki tekst vel til kann innri markaðurinn og sá stöðugleiki sem honum hefur fylgt um áratugi að vera í hættu. Það er jafn mikið áhyggjuefni fyrir okkur og önnur Evrópuríki.

En hvað er þá til ráða? Við þá spurningu held ég áfram að glíma í næstu greinum.

## Evrópumál

# Veiðar á lóu og spóa

**AF EVRÓPUVEFNUM**
Yrðu veiðar á lóu og spóa leyfðar hér á landi í kjölfar inngöngu í ESB?

Þórhildur Hagalín
ritstjóri Evrópuvefsins



Að meginreglu eru allar villtar fuglategundir friðaðar hér á landi samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þær tegundir sem heimilt er að veiða eru sérstaklega tilgreindar í reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum. Það sama á við um veiðitímabil og veiðiaðferðir. Lóa og spói eru ekki á meðal þeirra 29 fuglategunda sem heimilt er að veiða á Íslandi en þær eru hrafn, fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla (hefðbundin ungataka), helsingi, hvítmáfur, rita, skúmur (hefðbundin eggjataka), kjói, álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, heiðagæs, duggönd, hávella, toppönd, hettumáfur, grágæs, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, skúfönd og rjúpa.

Um vernd villtra fugla í Evrópusambandinu er fjallað í svonefndri fuglatilskipun. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja vernd allra fuglategunda sem eiga náttúruleg heimkynni á yfirráðasvæði aðildarríkja ESB. Samkvæmt tilskipuninni er meginreglan sú að allar fuglategundir eru friðaðar en í viðaukum við tilskipunina eru taldar upp þær tegundir sem undanþegnar eru veiðibanni.

Í viðauka II-A við fuglatilskipunina eru taldar upp 24 fuglategundir sem öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins er heimilt að leyfa veiðar á. Af þessum 24 tegundum lifa fimmtán á Íslandi. Sex þeirra er heimilt að veiða hér á landi (grágæs, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, skúfönd og rjúpa) en hinar níu eru friðaðar. Ekki yrði þörf á að aflétta friðun umræddra tegunda við innleiðingu tilskipunarinnar, ef til aðildar Íslands kæmi, þar sem aðildarríkjum er heimilt að kveða á um strangari verndarákvæði en tilskipunin krefst.

Í viðauka II-B við fuglatilskipunina er listi yfir þær fuglategundir sem sumum aðildarríkjum er heimilt að leyfa veiðar á, á sínu umráðasvæði, og tafla sem sýnir hverjar þessara tegunda má veiða í hvaða landi. Bæði lóan og spóinn eru taldar upp í viðauka II-B. Heimilt er að leyfa veiðar á lóu í Belgíu, Danmörku, Grikklandi, Frakklandi, Írlandi, Möltu, Hollandi, Portúgal og Bretlandi. Í þremur löndum, Danmörku, Frakklandi og Bretlandi, er heimilt að leyfa veiðar á spóa. Af þeim tegundum sem heimilt er að veiða á Íslandi eru átta taldar upp í viðauka II-B (svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, heiðagæs, duggönd, hávella, toppönd og hettumáfur) og því fordæmi fyrir því að heimilt sé að veiða þær í tilteknum aðildarríkjum.

> Veiðar á lóu og spóa verða að sama skapi ekki sjálfkrafa leyfðar þótt Ísland gerðist aðili að ESB. Þær verða bannaðar áfram svo lengi sem íslensk stjórnvöld vilja.

Til að halda ástandi fuglaveiða óbreyttu í landinu, ef til aðildar að Evrópusambandinu kæmi, þurfa stjórnvöld að semja um heimild til áframhaldandi veiða á þeim 23 tegundum sem heimilt er að veiða á Íslandi en ekki eru taldar upp í viðauka II-A. Það mundi krefjast þess að þeim tegundunum sem heimilt er að veiða á Íslandi en hvorki eru taldar upp í viðauka II-A né II-B yrði bætt við viðauka II-B.

Veiðar á lóu og spóa verða að sama skapi ekki sjálfkrafa leyfðar þótt Ísland gerðist aðili að ESB. Þær verða bannaðar áfram svo lengi sem íslensk stjórnvöld vilja, þar sem aðildarríkjunum er ætíð heimilt að kveða á um strangari verndarákvæði en tilskipunin krefst. Hins vegar yrðu veiðar á lóu og spóa ekki heimilaðar nema með samþykki Evrópusambandsins.

www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsolíu 2012, í flokki dísilbíla 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# Hugleiðingar um virði vinnunnar

Atvinnumál

Svana Helen Björnsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins



Við Íslendingar höfum verið svo lánsamir lengst af að búa við lítið atvinnuleysi. Undanfarin fimmtíu ár hafa þó komið nokkur atvinnuleysistímabil, t.d. í kjölfar síldarbrests á sjöunda áratugnum, í efnahagsþrengingum upp úr 1990 og nú í kjölfar hrunsins. Þessi tímabil hafa þó verið tiltölulega stutt. Í hagfræðinni er ákveðið samband milli atvinnuleysis og verðbólgu sem jafnan er kennt við Phillips. Samkvæmt því er sterk neikvæð fylgni milli verðbólgu og atvinnuleysis, þ.e. þegar atvinnuleysi er mikið er verðbólga lítil og öfugt. Þetta samband gildir þó ekki yfir löng tímabil, t.d. er viðvarandi verðbólga engin trygging fyrir litlu atvinnuleysi. Mikil verðbólga í langan tíma veldur því að erfitt er að reka fyrirtæki með ásættanlegum hætti, þau verða undir í samkeppni og fólkið missir vinnuna. Lækning atvinnuleysisvandans felst ekki í því að auka verðbólguna enn meira.

### Orsakir atvinnuleysis

Í grunninn eru orsakir atvinnuleysis af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða eðlilegt eða náttúrulegt atvinnuleysi sem ekki er hægt að losna við, jafnvel þótt aðstæður efnahagslífsins séu með besta móti. Þetta atvinnuleysi stafar af því að hluti fólks skiptir um vinnu og það er atvinnulaust meðan það finnur nýjan vinnustað og því að hluti vinnuaflsins hefur ekki menntun eða aðra hæfni til að þiggja þau störf sem eru í boði. Einnig hefur bóta- og skattkerfi áhrif á atvinnuleysi og á skilvirkni atvinnuleitar. Árstíðabundið atvinnuleysi þekkist vel hér

> Er e.t.v. betra að sætta sig við lítils háttar atvinnuleysi en að hleypa verðbólgu á skrið?

á landi en því hefur m.a. verið mætt með því að nýta skólafólk til starfa á sumrin þegar mikil vinna er í ýmsum þjónustugreinum. Jafnvel nokkur prósent vinnuaflsins geta verið án vinnu vegna grunn- og árstíðabundins atvinnuleysis. Stjórnvöld geta dregið úr atvinnuleysi af þessum toga með menntastefnu sem miðast við þarfir atvinnulífsins. Hin orsök atvinnuleysis leiðir beint af efnahagsástandi á hverjum tíma líkt og verið hefur frá hruni. Stjórnvöld geta dregið úr því með margvíslegum innspýtingaraðgerðum. Á þessu sviði hafa íslensk stjórnvöld (bæði ríki og sveitarfélög) nær alla tíð staðið einkar illa að verki. Þau hafa nýtt uppsveiflur til enn meiri innspýtingar og magnað upp verðbólguna. Í niðursveiflum hafa þau kippt að sér höndum og aukið á atvinnuleysisvandann.

### Verðbólgustefnan

Íslendingar hafa lengstum valið þá leið að halda atvinnuleysi lágu sem hefur leitt af sér mikla verðbólgu. Allur góður rekstur krefst þess að menn geri áætlanir um tekjur og gjöld og geti brugðist við ágjöf eða meðgjöf með góðum fyrirvara. Þegar verðbólga ríkir í hagkerfi er óhjákvæmilegt að gengi gjaldmiðils þess hagkerfis falli, nema menn vilji og geti safnað skuldum. Gengisfallið leiðir svo til enn meiri verðbólgu og hagkerfið kemst í vítahring sem við Íslendingar þekkjum vel. Áætlanagerð verður marklaus og rekstur fyrirtækja erfiður. Sú spurning vaknar hvort þessi leið Íslendinga sé sú besta fyrir þjóðina. Er e.t.v. betra að sætta sig við lítils háttar atvinnuleysi en að hleypa verðbólgu á skrið? Það er óyggjandi að slík stefna myndi skila þjóðinni betri kjörum en verðbólgustefnan þegar til lengdar lætur.

Hægt er að líta á atvinnu sem hverja aðra vöru á markaði. Vörur á markaði sem ofgnótt er af missa virði sitt og virðing fyrir þeim þverr. Færa má rök fyrir því að slík hafi orðið raunin um atvinnu á Íslandi. Hér á landi skipta menn oft um vinnustað, vinna mikla yfirvinnu og eru löngum stundum frá heimilum sínum vegna vinnunnar. Vinnuveitendur bera einnig sína ábyrgð, þeir ráða misjafnlega hæft fólk til starfa og láta vinna mikla eftirvinnu til þess að ná markmiðum vinnunnar. Smám saman verður hinn langi vinnudagur að lensku og framleiðni á hverja vinnustund verður lítil. Þetta skilar sér í lægri þjóðartekjum á mann og mun lengri vinnudegi en í nágrannalöndunum. Íslendingar vinna 10-15% fleiri vinnustundir en aðrir Norðurlandabúar en hafa samt umtalsvert lægri landsframleiðslu á mann. Þegar horft er á landsframleiðslu á hverja unna vinnustund erum við fyrir neðan meðaltal OECD-landa og talsvert langt frá meðaltali landa sem mynda evrusvæðið. Þau lönd evrusvæðisins sem glíma við hvað mestan vanda, eins og Ítalía, Spánn og Írland, eru öll fyrir ofan okkur. Við bætum okkur upp litla framleiðni með löngum vinnudegi og höfum þannig náð að halda góðum efnislegum kjörum.

### Mikilvægi nýsköpunar

Tæknibreytingar hafa leitt til þess að vélar leysa mannshöndina af hólmi við ýmis störf. Þetta veldur atvinnuleysi en einnig stóraukinni þjóðarframleiðslu á mann. Vélvæðingin leiðir til aukins hagnaðar þeirra sem eiga vélarnar, hagnaðar sem getur skapað atvinnu á öðrum sviðum þjóðfélagsins, t.d. á sviðum þjónustu og menningar. Þannig skapast ný störf sem koma í stað þeirra sem hurfu vegna nýrrar tækni. Þetta skilar umræðunni að mikilvægi nýsköpunar. Nýsköpun á sem flestum sviðum er lykilatriði til að vinna bug á atvinnuleysi sem verður til vegna nýrrar tækni. Á Íslandi er unnið gott nýsköpunarstarf á menningarsviðinu sem halda verður áfram og efla en jafnframt verður að huga að undirstöðunum sem eru menntun og nýsköpun í tækni og framleiðslu. Þannig er hægt að halda uppi góðu atvinnustigi en búa samt við lága verðbólgu.



# ESB-aðild og íslensk menning

ESB-aðild
Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Samstarf að því er varðar menntun, menningarmál og æskulýðsmál er ein af grunnstoðum Evrópusambandsins. Ísland hóf þátttöku í verkefnum þess varðandi menntun og starfsþjálfun þegar árið 1990. Frá 1994 með tilkomu EES-samningsins hefur fjöldi Íslendinga tekið þátt í símenntunaráætlun ESB og komið hefur verið á aðgerðaáætlun um símenntun sem er mikilvægur liður í baráttu gegn atvinnuleysi. Landsskrifstofa Menntaáætlunar ESB annast ýmsar undiráætlanir, þ.m.t. Comenius, Erasmus, Grundtvig og Leonardo sem skipuleggja skólaheimsóknir, nemenda- og kennaraskipti, samvinnu um námsefni o.fl. Þúsundir íslenskra nemenda, kennara og skólastjórnenda hafa tekið þátt í þessu samstarfi.

Íslendingar taka sömuleiðis virkan þátt í ESB-samstarfi í málefnum er varða ungt fólk í gegnum aðgerðaáætlun ESB í æskulýðsmálum. Evrópa unga fólksins er íslenska heitið á Ungmennaáætlun Evrópusambandsins, Youth in Action, og er samstarfsverkefni ESB, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og UMFÍ. Áætlunin styrkir ungt fólk á aldrinum 13-30 ára og þá sem starfa með ungu fólki. Þá tekur Ísland þátt í menningaráætlun ESB og því hafa íslenskir listamenn notið góðs af menningarstyrkjum, t.d. í kvikmyndagerð í gegnum Media-áætlunina en einnig á öðrum sviðum svo sem bókmenntaþýðingum og með samstarfi við tónlistarmenn og leikhópa.

- Um 20.000 Íslendingar hafa tekið þátt í evrópskum samstarfsverkefnum.
- Mestu fé var veitt í verkefni er tengjast rannsóknum og þróun en um þriðjungur til stuðnings verkefnum á sviði menntunar og menningar.
- Þátttaka ungmenna í áætlun ESB á sviði æskulýðsmála hefur verið afar góð en frá árinu 2001 hafa um 600 Íslendingar notið góðs af henni árlega.

Þátttaka okkar í menntunar- og menningarstarfsemi Evrópusambandsins undanfarinn aldarfjórðung er til marks um getu Íslendinga í umsvifamiklu alþjóðasamstarfi sem varðar framtíðarheill þjóðfélagsins. Þetta geta samningamenn okkar lagt fram stoltir í Brussel. Upplýsingagjöfin í aðildarviðræðunum og ofangreint er fengið þaðan, hún er afar þýðingarmikil leið til upplýsinga við stjórnsýslu Evrópu um jafningjann sem Ísland er í menntunar- og menningarmálum. Jafningjar í samstarfi nútímans, en í öllu meiri og veglegri stöðu frá fornu fari.

Við aðild að Evrópusambandinu yrði íslenska þar opinbert mál, eins og aðrar þjóðtungur. Það er einmitt stefna ESB að varðveita og efla tungumál þjóðanna og minnihlutahópa. Málið í Lúxemborg er skínandi dæmi um það. Framtíðarstaða íslenskunnar innan Evrópusambandsins yrði tvímælalaust sterkari en ella.

### Hlutur íslenskrar menningar í Evrópu

Menning Íslendinga og íslensk menning er tvennt aðskilið, svo sem Sigurður Nordal bendir á. Hið íslenska, skerfur Íslendinga til heimsmenningarinnar, er í fornbókmenntum og orðsins list. Nordal bendir á, að mjög fáir erlendir afburðamenn hafi gefið Íslandi gaum nema á sviði fornbókmenntanna og skýrist það af því hver framtíðaráhrif víkingaöldin hafði. Afkomendur kynstofnsins sem sveimaði um til árása og landkönnunar, hafa haft forystu í Norðurálfu í landnámi og yfirdrottnun víða um heim, allt frá krossferðum til yfirgangs heimsveldа.

Af þessu leiðir að háskólasamfélög sem fremst standa í Evrópu og Ameríku, hafa lengi haft í sínu liði frábæra sérfræðinga á sviði íslenskra fræða. Við allmarga úr þeim hópi hafði ég í sendiherrastarfi afar gagnleg og ánægjuleg samskipti. Langa greinargerð þyrfti til að gera skil öllu því sem þakka má þessum ágætu fræðimönnum og Íslandsvinum í Frakklandi, Bretlandi, Noregi og Bandaríkjunum. Eftir þá og forvera þeirra undanfarnar aldir, liggur ótrúlegur forði ritverka og þýðinga og kennslustörfin skipta ekki síður miklu máli. Í fjölmörgum erlendum háskólum hefur lengi farið fram dýrmæt fræðsla í íslenskri menningu og það líka fyrir nemendur frá fjarlægum löndum. Hin glæsilega saga Snorra af Noregskonungum til forna var það sem beinlínis vakti eldmóð Norðmanna í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld en þá gneistaði af afburðamönnum menningar með Grieg og Ibsen í broddi fylkingar. Eins og Vésteinn Ólason bendir á, hefur Snorra Edda haft mikil áhrif á sagnfræði, söguskoðun og sjálfsmynd Norðurlandabúa allt frá því að verkið var fyrst gefið út í danskri þýðingu árið 1633.

Sagan af víkingaöldinni er ávallt til reiðu ef Íslendingar kunna með þá auðlegð að fara og flytja hana öðrum þjóðum. Okkar hlutverk er varðveisla tungunnar og þeirra fjársjóða sem hún geymir. Hætta vegna utanaðkomandi áhrifa hefur verið fyrir hendi í minni lífstíð. Við eigum öflugt menntakerfi og svo sem við rísum upp úr Hruninu, munum við styrkja íslenskt þjóðfélag. Við eigum rétt í senn til sjálfsforræðis og þátttöku, svo sem sérstaða krefst, í samfélagi Evrópuþjóða. Sá ótvíræði réttur er reistur á menningu þjóðarinnar. Hinn norðlæga burðarás í menningargrunni Evrópu sköpuðu Íslendingar og varðveittu. Án hans er myndin ófullkomin.




Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í **ecoPLUS**-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki.

**Einnig fáanleg í stáli.*

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum.
Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Kostnaðarsöm fáfræði stjórnvalda

Samfélagsmál

Gunnar Kristinn Þórðarson
formaður Samtaka meðlagsgreiðenda



Aldrei í sögu landsins hefur opinber stofnun eða háskóli gert úttektir eða rannsóknir á félagslegum og fjárhagslegum högum meðlagsgreiðenda.

Jafnvel þótt ekkert skilji að barnafjölskyldur og einstæða foreldra annars vegar, og meðlagsgreiðendur í sambúð og þá sem einstæðir eru hins vegar, annað en kynferðið, liggja rannsóknir um barnafjölskyldur og einstæða foreldra úti um allar koppa grundir á meðan engin stök rannsókn er til um hagi meðlagsgreiðenda.

Viðhorf Samtaka meðlagsgreiðenda til áforma ríkisstjórnarinnar að styðja rækilega við bakið á greiðsluþungum barnafjölskyldum og einstæðum foreldrum hlýtur því að vera blendið, en þótt samtökin vilji að stjórnvöld styðji þétt við bakið á lögheimilisforeldrum, hafa samtökin ástæðu til að óttast að stjórnvöld ætli að hlunnfara meðlagsgreiðendur enn og aftur, jafnvel þótt greiðslubyrði þeirra sé miklu meiri en hjá barnafjölskyldum. Ástæðan fyrir því er sú að stjórnvöld líta ekki á fjölskyldur meðlagsgreiðenda sem barnafjölskyldur nema upp að því marki sem önnur börn en þau borga meðlög með búi hjá þeim.

Þrátt fyrir að meðlagsgreiðendur séu undanskildir allri hagskýrslugerð á Íslandi hafa samtökin heimildir fyrir því að þrír af hverjum fjórum einstæðra meðlagsgreiðenda sé á vanskilaskrá, á meðan 17% einstæðra foreldra eru í alvarlegum vanskilum.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur lagalegar heimildir til að draga 50% af heildarlaunum frá útborguðum launum meðlagsgreiðenda sem ekki hefur getað borgað meðlög sín. Þetta þýðir að maður á meðallaunum, t.d. með þrjú börn á framfæri í gegnum umgengni, er með um 50 þúsund krónur í framfærslu yfir mánuðinn. Innheimtustofnun hefur stóraukið þess háttar innheimtur hjá meðlagsskuldurum. Það er sérstakt áhyggjuefni því þegar þessir meðlagsgreiðendur óska eftir fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, fá þeir synjun vegna þess að þeir geta sýnt fram á heildarlaun, þótt útborguð laun þeirra séu aðeins 50 þúsund krónur.

Þessi framganga sveitarfélaganna er alvarleg í alla staði. Til að mynda er það með öllu ólíðandi að sveitarfélögin séu beggja megin borðs, og dragi útborguð laun upp í meðlagsskuldir, og sé jafnframt í þeirri stöðu að neita þeim svo um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Vitaskuld ætti önnur þessara stofnana að vera á hendi ríkisins á meðan hin er á ábyrgð sveitarfélaganna. Samtök meðlagsgreiðenda líta svo á að hér sé um að ræða skýrt brot á 76. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um framfærsluskyldu hins opinbera.

Samtökin hafa í ljósi þessa sent umboðsmanni Alþingis kvörtun, og hann beðinn um að gefa álit sitt hvort þær lagaheimildir sem um ræðir standist stjórnarskrá.

Örbirgð meðlagsgreiðenda er kostnaðarsamur vandi. Ekki bara fyrir meðlagsgreiðandann sjálfan, fjölskyldu hans og börn, heldur einnig fyrir ríkissjóð, sveitarfélög og fjármálastofnanir. Rannsóknir sem samtökin hafa undir höndum sýna fram á að kvíði, vonleysi og skortur á þekkingu á úrræðum fyrir meðlagsgreiðendur einkenni þá umgengnisforeldra sem sárt eiga um að binda. Þjóðfélagshópurinn hefur til þessa ekki átt sér málsvara sem getur miðlað þekkingu til þeirra og gætt hagsmuna þeirra í hvívetna. Réttindaleysi meðlagsgreiðenda gagnvart bótakerfinu ýtir undir svarta atvinnustarfsemi þar sem ungir karlmenn sjá einu færu leiðina að lifa utan kerfis.

Í ljósi takmarkalausra heimilda Innheimtustofnunar til að ganga að eigum og tekjum meðlagsgreiðenda, kjósa meðlagsgreiðendur af tvennu illu heldur vanskil við fjármálastofnanir en Innheimtustofnun, þar sem umboðsmaður skuldara veitir meðlagsgreiðendum vernd gagnvart öllum öðrum kröfuhöfum en Innheimtustofnun og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umboðsmaður skuldara er nefnilega eina opinbera stofnunin sem tekur tillit til kostnaðar við umgengni meðlagsgreiðenda í samningsgerð fyrir skuldara, en ekki Innheimtustofnun né heldur Lánasjóðurinn.

Samtök meðlagsgreiðenda fara því fram á þá auðskiljanlegu kröfu að umboðsmaður skuldara, Innheimtustofnun sveitarfélaga og Lánasjóður íslenskra námsmanna viðhafi sömu viðmið í viðskiptum sínum við meðlagsgreiðendur þannig að þeir njóti sömu réttinda hjá þessum opinberu stofnunum þegar kemur að greiðsluívilnunum, fyrirgreiðslum og greiðsluerfiðleikaúrræðum. Þetta jafnræði er ekki fyrir hendi, og hljóta því fjármálastofnanir að láta í sér heyra, þar sem tugir milljarða króna eru í húfi, ef þær heimildir samtakanna reynast sannar að allt að níu þúsund meðlagsgreiðenda séu á vanskilaskrá, þar af 75% allra einstæðra meðlagsgreiðenda.

En þar sem engin stofnun hefur nokkurn tímann rannsakað félagslegan og fjárhagslegan hag meðlagsgreiðenda, hefur löggjafinn hingað til samið blindandi lög um þjóðfélagshópinn og Innheimtustofnun aukið innheimtuhörku sína án þess að hafa nokkra þekkingu á þeim sem hún gerir kröfur á. Á meðan verður vandinn sífellt meiri og kostnaðarsamari fyrir fjármálastofnanir, ríkissjóð, meðlagsgreiðendur og börn þeirra.

# Óbætanleg náttúruspjöll á Þríhnúkagíg og nágrenni

Náttúruvernd

Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari



Skipulagsstofnun auglýsir eftir athugasemdum vegna frummatsskýrslu um aðgengi að Þríhnúkagíg.

Þríhnúkar ehf. hafa fyrir tilstilli misviturra sveitarstjórnarmanna fengið tugi milljóna króna frá skattgreiðendum til að skipuleggja mikil náttúruspjöll á Þríhnúkagíg og nágrenni hans. Svæðið er þjóðlenda og því sameiginleg auðlind þjóðarinnar sem forsætisráðherra hefur umsjá með. Forsætisráðuneytið getur því komið í veg fyrir áformuð spjöll.

Þríhnúkar ehf. vilja leggja bílveg frá Bláfjallaskála að Þríhnúkagíg. Svo á að bora inn í gíginn. Árni B. Stefánsson, einn Þríhnúkamanna, segir að náttúruvernd felist ekki í að gera ekki neitt. Hann telur það kannski náttúruvernd að leggja bílveg um ósnortið víðerni sem er skíðagöngufólki mjög dýrmætt. Sá sem gengur umrædda leið frá Bláfjöllum að Þríhnúkum upplifir mjög sterkt að hann sé á ósnortnu víðerni þar sem ríkir kyrrð og friður. Í frummatsskýrslu er hins vegar talað um að þetta sé ekki víðerni í lagalegum skilningi og því reynt að gera lítið úr mikilvægi þess að halda svæðinu ósnortnu. Með sömu rökum væri skaðlaust að leggja vegi þvers og kruss um gönguskíðasvæðið við Bláfjöll.

Ég skora á hugsandi fólk að skoða mynd 21.3 á bls. 99 í frummatsskýrslunni. Þeir sem vilja þessa vegi skilja ekki verðmæti ósnortinna víðerna rétt fyrir utan þéttbýli höfuðborgarsvæðisins. Í skýrslunni kemur fram að „áhrif á landslag eru varanleg og að mestu óafturkræf og verða talsvert neikvæð“. Mér finnst „talsvert neikvæð“ of vægt til orða tekið.

Í rúm þrjátíu ár hef ég iðkað skíðagöngur út að Þríhnúkum og þegar ég heyrði af hugmyndum Árna og félaga fyrir átta árum datt mér ekki í hug að menn stefndu að vegagerð frá Bláfjöllum að Þríhnúkagíg. Ég taldi að farið yrði að gígnum norðan frá Bláfjallavegi, leið D (mynd 9.1 bls. 49) og að þetta yrði alla leið í jarðgöngum. Það er eina leiðin inn í gíginn sem hægt er að fara án þess að valda óásættanlegum náttúruspjöllum á yfirborðinu. En gígurinn á bara að fá að vera í friði. Árni telur að borun inn í gíginn auki virðingu fólks fyrir náttúrunni. Ég tel þetta algert öfugmæli. Með því að bora inn í gíginn er náttúrunni sýnd alger vanvirðing.

Peningagræðgi stýrir þessu feigðarflani. Misvitrir stjórnmálamenn virðast reiðubúnir að afhenda einkaaðilum náttúruperlur til afnota til að féfletta ferðamenn. Við það skirrast menn ekki við að valda óbætanlegum skaða. Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hafa greitt stórfé til Þríhnúka ehf. Ferðaþjónustuaðilar bíða með opna vasana. Vasarnir hjá þeim eru hins vegar kirfilega lokaðir þegar kemur að því að skila gistináttagjaldi til ríkissjóðs og enn síður mega þeir heyra minnst á virðisaukaskatt.

> Traðk ferðamanna yfir viðkvæm gróðurlendi og mosaþembur hefur myndað mjög áberandi stíg.



Þríhnúkamenn hafa haft Þríhnúkagíg að féþúfu í allt sumar með því að selja aðgang inn í gíginn. Ég fór og skoðaði svæðið fyrir stuttu og brá mjög. Þegar horft er frá nágrenni Bláfjallaskála að Þríhnúkum sem eru í um þriggja kílómetra fjarlægð blasa við óásættanlegar gróðurskemmdir alla leið. Traðk ferðamanna yfir viðkvæm gróðurlendi og mosaþembur hefur myndað mjög áberandi stíg sem er víða 2-4 metra breiður og sums staðar breiðari. Í undirhlíðum Þríhnúkagígs sést slóðin greinilega úr þriggja kílómetra fjarlægð. Sama gildir í næsta nágrenni hnúksins þar sem Þríhnúkamenn eru með aðstöðu. Þar stórsér á náttúrunni vegna átroðnings. Ekki er náttúruvernd efst á blaði þarna og er undarlegt að leyfi hafi verið veitt fyrir þessari starfsemi með fyrirsjáanlegum skaða.

Þríhnúkamenn hafa í orði lagt áherslu á náttúruvernd og góða umgengni. Árni B. Stefánsson segir: „Eldfjallalandslag, sérstaklega gígar og landform nærri eldsupptökum eru einstaklega viðkvæm og gróður oftar en ekki afar viðkvæmur.“ En eitt er að vita, annað að hegða sér samkvæmt því.

Þríhnúkamenn veifa fölsku flaggi þegar þeir þykjast ætla að opna öllum aðgang inn í Þríhnúkagíg í nafni náttúruverndar. Hugmyndir þeirra eru ávísun á stórkostleg náttúruspjöll og eiga ekkert skylt við náttúruvernd. Sú hugsun að allir eigi að komast fyrirhafnarlaust á alla staði er bara úrelt bull.

Ég hvet alla náttúruunnendur til að senda athugasemdir til Skipulagsstofnunar fyrir 21. september og lýsa andstöðu við þau náttúruspjöll sem fyrirhuguð eru á Þríhnúkagíg og nágrenni.




Nýr Landspítali Háskólasjúkrahús

Athygli er vakin á því að nú stendur yfir auglýsing á nýju deiliskipulagi fyrir Nýjan Landspítala Háskólasjúkrahús. Einnig eru kynntar breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi Reykjavíkur * og deiliskipulagi fyrir Hringbraut. Breytingartillögurnar eru kynntar samhliða því.

**Frestur til að skila inn athugasemdum var frá 10. júlí til og með 4. september 2012. Athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar eða á netfangið skipulag@reykjavik.is.**

Tillögurnar eru til sýnis í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12 - 14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15 til 4. september 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Sjá nánar kynningargögn á vef Reykjavíkurborgar, www.skipbygg.is og á vef Nýs Landspítala www.nyrlandspitali.is

Reykjavíkurborg
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðins

*skv. 2.mgr.23.gr.sbr. 27.gr. og 2.mgr.30.gr. sbr.1.mgr.36.gr.skipulagslaga nr.123/2010

Reykjavíkurborg

www.skipbygg.is

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## KIRSUBERJATÓMATAR Á ÍTALSKAN HÁTT

**Kirsuberjatómatar eru sérlega hollir og góðir. Skerið tómatana í tvennt og leggið í ofnfast fat. Vætið þá með smávegis ólífuolíu og balsamediki. Örlítið salt yfir. Bakið í ofni í einn og hálfan tíma við 150°C. Ótrúlega gott með fiski eða kjöti.**


Sívinsæll í nýjum glæsilegum lit



Teg 81103 - létt fóðraður í B,C skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar

Vertu vinur

Eirberg



Rafknúnir lyftihægindastólar

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Útsala
40-70% afsláttur
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

friendtex

LAGERSALA
LÍKUR Á MIÐVIKUDAG
ALLT Á AÐ SELJAST





SOO.DK
BARNAFÖTIN
SOO YOUNG
SOO COOL
ENN MEIRI AFSLÁTTUR

Opnunartími:
mánud.-miðvikudag. kl. 11:00 - 18:00 laugardaga lokað

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




# LAUS VIÐ LYFIN

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR** *Petur Nolsøe frá Færeyjum gisti á Heilsuhótelinu í fyrrasumar og mælir heils hugar með því. Síðan hann dvaldi þar hefur hann léist um 25 kíló og blóðþrýstingurinn lækkað umtalsvert.*

Petur Nolsøe kom sérstaklega hingað til lands frá Færeyjum í fyrrasumar til þess að fara á Heilsuhótel Íslands í Reykjanesbæ. „Ég var of þungur og með hækkaðan blóðþrýsting. Á hverjum degi þurfti ég að taka sjö mismunandi lyf við hinum ýmsu kvillum. Í dag er ég 25 kílóum léttari, blóðþrýstingurinn er eins og hjá unglingi og tek ekki eina einustu töflu. Það gerði ég í fullu samráði við mína lækna,“ segir Petur.

Petur var í tvær vikur á Heilsuhótelinu í fyrra. Á þessum tíma léttist hann um tíu kíló. Hann þakkar það helst breyttu mataræði. „Á hótelinu lærði ég að borða rétt og tileinka mér nýjan lífsstíl. Ég hef viðhaldið því sem ég lærði og er búinn að léttast um 25 kíló.“

Á Heilsuhótelinu er heilsulind þar sem meðal annars er boðið upp á alls kyns nuddmeðferðir, heitan pott, gufuböð og infra-rauðan klefa. Petur segist hafa notað bæði heita pottinn og infra-rauða klefann mikið. „Hitinn gerði mér mjög gott og þá sérstaklega í infra-rauða klefanum.“

Meðferð á Heilsuhótelinu tekur tvær vikur. Dagskráin er einföld og byggist á ákveðnu mataræði sem er að mestu lífrænt ræktað grænmeti, ávextir, súpur og safar. Fjölbreytt hreyfing, sogæða- og bólgueyðandi nudd, gufuböð, hvíld og slökun. Flesta daga eru fyrirlestrar, fundir eða boðið upp á ýmislegt skemmtilegt.

Petri og konu hans leið svo vel á hótelinu að þau hafa ákveðið að koma aftur þangað á næsta ári. „Við ætlum að koma aftur eftir ár. Hótelið er frábær staður og þar er aðstaðan góð og starfsfólkið framúrskarandi,“ segir hann.


heilsuhótel íslands
Næstu námskeið
7.-21. september 5.-19. október
Upplýsingar í síma 5128040
www.heilsuhotel.is


**BREYTTUR MAÐUR**
Petur kom hingað sérstaklega frá Færeyjum til að dvelja á Heilsuhótelinu. Eftir dvölina þar hefur blóðþrýstingur hans lækkað umtalsvert og hann er 25 kílóum léttari.
MYND/VILHELM

**TVEGGJA VIKNA MEÐFERÐ**
***Dagskrá Heilsuhótelsins er einföld og byggist á ákveðnu mataræði, hreyfingu, nuddi, gufuböðum, hvíld og slökun.***




Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.


NÝ SENDING AF VETRAVÖRUM OG ÚTSÖLULOK
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770


# TARZAN BÝR Í ÖLLUM

**TIL ÚTLANDA** *Fyrsta skólahreystikeppnin var haldin í Finnlandi í vor og naut mikilla vinsælda. Næst verður keppnin haldin í Svíþjóð og Eistlandi.*

Hjónin Andrés Guðmundsson og Lára B. Helgadóttir settu keppnina Skólahreysti á fót fyrir sjö árum. Þar keppa 15-16 ára grunnskólanemar saman í liði fyrir hönd síns skóla í ýmsum skemmtilegum þrautum. Keppnin hefur notið sívaxandi vinsælda hér á landi og kepptu síðast fulltrúar 120 af 130 grunnskólum landsins. Nú sjá aðstandendur keppninnar mikil tækifæri erlendis og hafa nú þegar haldið eina keppni í Finnlandi.

Andrés segir upphafið að keppninni ytra mega rekja til þess að aðstandendur Skólahreysti buðu, í samvinnu við ÍSÍ og menntamálaráðuneytið, skólaíþróttanefndum Norðurlanda til Íslands til að vera viðstödd úrslitakeppnina árið 2009.

„Ári síðar höfðu Finnar samband við okkur. Þeir voru að leita að óhefðbundnum íþróttum innan finnska skólakerfisins. Þannig tók þessi samvinna að þróast og fyrsta mótið var haldið í Finnlandi núna í maí í ár.“

Haldnar voru þrjár keppnir í jafnmörgum borgum í vor, í Turku, Tampere og Oulu. Úrslitakeppnin var haldin í höfuðborginni Helsinki.

„Finnar byggðu keppnina sína aðeins öðruvísi en við gerum enda eru 200.000 krakkar í þessum árgöngum í Finnlandi miðað við 8.000 hjá okkur. Finnsku krakkarnir skráðu sig, í samstarfi við íþróttakennara, í forkeppni þar sem þau áttu að leysa fimm þrautir til að eiga möguleika á að komast í skólaliðið. Skipuleggjendur keppninnar úti höfðu látið sig dreyma um að 30.000 krakkar tækju þátt í undankeppninni en 60.000 krakkar tóku þátt. Því voru allir í skýjunum yfir þessum góðu viðbrögðum sem voru framar öllum vonum.“

Keppnin vakti að sögn Andrésar mikla athygli í Finnlandi og sýndi finnska ríkissjónvarpið fimm þætti frá keppninni á besta tíma, strax á eftir aðalfréttatíma kvöldsins.

„Þetta var í fyrsta skiptið sem finnsk ungmenni komast að í sjónvarpinu á besta sýningartíma.“

Næsta vetur verður keppni haldin í sex borgum Finnlands og gengur undirbúningurinn vel að sögn Andrésar. „Svo erum við að undirbúa með haustinu að fara með keppnina til Svíþjóðar og Eistlands. Þetta eru lönd með svipaðan kúltúr og Finnland. Svo eru alls konar pælingar í gangi sem snúa að Þýskalandsmarkaði og Bandaríkjunum en þær hugmyndir erum við bara að skoða í rólegheitunum. Skólahreysti er séríslenskt fyrirbæri og þekkist hvergi annars staðar. Við teljum hana eiga erindi við flest börn og unglinga. Það býr nefnilega Tarzan í okkur öllum og það virðist vera þannig alls staðar í heiminum.“

■ starri@365.is



**FRUMKVÖÐLAR** Andrés Guðmundsson, annar stofnenda Skólahreysti, undirbýr nú að halda keppnina í Svíþjóð og Eistlandi. MYND/GVA


LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**
**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**





KONJAK
**VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT OG ÖRUGGLEGA?**
Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT glas af vatni 3x á dag hálftíma fyrir máltíð
Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast massi sem fyllir vel upp í magasekkinn og veldur seddutilfinningu og þú borðar minna!

Í Konjak eru náttúrulegar glucomannan trefjar sem einnig bæta meltinguna. Viðurkennt af EFSA Matvælastofnun Evrópu
Fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
www.gengurvel.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM FM 957
FM957
vísir - oft á dag



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is



BYLGJAN 989 25 ÁRA
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


markhonnun.is

**Tilboðin gilda 21. - 27. ágúst**

# netto

Kræsingar & kostakjör

# AFSLÁTTARDAGAR!

## ALLAR SKÓLAVÖRUR OG RITFÖNG Á 25% AFSLÆTTI






# tímamót

timamot@frettabladid.is



**74** **KENNY ROGERS** kántríhetja á afmæli í dag.
*„Ekki vera hræddur við að gefa það góða upp á bátinn fyrir það frábæra.“*

## Afmæli



**Shimon Perez,** forseti Ísraels, er 89 ára.



**Usain Bolt,** hlaupari, er 26 ára.



**Serj Tankian,** söngvari System of a Down, er 45 ára.

---



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HALLVARÐAR SIGURÐAR GUÐLAUGSSONAR**
**húsasmíðameistara,**
**frá Búðum í Hlöðuvík.**

**Guðmundur J. Hallvarðsson**
**Lilja Dögg Guðmundsdóttir**
**Hallvarður Jón Guðmundsson**
**Elfa Rún Guðmundsdóttir**
**Þórólfur Snær Elvarsson**
**Anna Margrét Jónsdóttir**
**Elvar Már Ólafsson**

---



Eiginkona mín og móðursystir okkar,

**GERÐUR HULDA JÓHANNSDÓTTIR**
**húsmæðrakennari,**
**Barðastöðum 7, Reykjavík,**
**áður Laugarvatni,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 13. ágúst. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 22. ágúst kl. 15.00.

**Egill Sigurðsson**
**Lilja Sigurðardóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir**

---



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**JÓNA EINARSDÓTTIR**
**Árskógum 2,**

áður til heimilis að Jökulgrunni 8, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, föstudaginn 17. ágúst.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Álfheiður Óladóttir**
**Eygló Björg Óladóttir**
**Sigrún Óladóttir**
**Skúli Nielsen**
**Kristinn Þorsteinsson**
**Snorri Þórðarson**

---



Ástkær faðir minn, bróðir og afi,

**ÞÓRÐUR ÓSKAR VORMSSON**
**Brekku, Vogum,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, aðfaranótt 18. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 14.00.

**Vormur Þórðarson**
**Kolbeinn Vormsson**
**Dagbjört Guðmundsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUNNLAUG HANNESDÓTTIR**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

sem lést laugardaginn 11. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á orgelsjóð Melstaðarkirkju. Reikningsnr.: 0159-05-2700, kt.: 460269-6019.

**Sigríður Karlsdóttir**
**Ragnhildur Guðrún Karlsdóttir**
**Jóhanna Karlsdóttir**
**Ingibjörg Karlsdóttir**
**Guðmundur Karlsson**
**Garðar Karlsson**
**Ingi Bjarnason**
**Guðmundur Már Sigurðsson**
**Guðmundur Jóhannsson**
**Sigurður Pálmason**
**Erla Stefánsdóttir**
**Guðrún Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**HLAUPARI** Sigurbjörg hleypur að meðaltali milli tuttugu og tuttugu og fimm kílómetra á viku yfir sumartímann og hefur oft með sér labradorhunda sem halda henni við efnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR STJÓRNSÝSLUFRÆÐINGUR: MJÖG UNDRANDI

# Hljóp á tímanum 57,57 á 57 ára afmælisdaginn sinn

„Það er kannski spurning um að fá talnasérfræðing til að rýna í þessar tölur. Ég er viss um að við hefðum bæði gaman af því,“ segir doktor Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í stjórnsýslufræðum við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og hlaupari. Sigurbjörg fagnaði 57 ára afmæli sínu á laugardaginn og bætti um betur með því að hlaupa tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu á hinum skemmtilega viðeigandi tíma 57,57 mínútum.

Aðspurð segir Sigurbjörg að sekúndubrotin hafi ekki verið 57 eins og mínúturnar og sekúndurnar, en það skemmi þó ekki ánægjuna og undrunina með þennan skemmtilega tíma. „Þetta er alveg ótrúlegt. Ég segi í gríni að það verið útpælt að koma í mark á þessum tíma vegna afmælisins og gef þannig í skyn að ég hefði getað hlaupið þetta hraðar,“ segir hún og hlær. „Sannleikurinn er sá að þetta var hreinasta tilviljun og ég varð mjög hissa þegar ég sá tímann. Eftir hlaupið naut ég afmælisdagsins og menningarnætur í hverfinu mínu, Goðahverfinu, þar sem alls konar fólk kom í heimsókn. Ég var dálítið hátt uppi af endorfíni og sagði öllum sem heyra vildu frá þessari skemmtilegu tilviljun.“

Sigurbjörg hefur hlaupið síðan 2001, þegar hún fór sitt fyrsta maraþon í London. „Þá hljóp ég maraþonið á fjórum klukkustundum og fjórtán mínútum. Á sama tíma sló Paula Radcliffe heimsmetið þegar hún hljóp á tveimur klukkutímum og fjórtán mínútum, einungis tveimur klukkutímum skemur en ég. Svo hljóp ég Reykjavíkurmaraþon árið 2004 og bætti tímann minn um níu mínútur, en síðan þá hef ég hlaupið hálfmaraþon bæði hér heima og erlendis,“ segir Sigurbjörg og bætir við að yfir sumartímann hlaupi hún að meðaltali um tuttugu til tuttugu og fimm kílómetra á viku. „Ég fer út að hlaupa tvisvar til þrisvar í viku og fer varla út fyrir mikið minna en átta kílómetra. Mjög oft hleyp ég fimmtán kílómetra og hleyp mikið fyrir ofan Reykjavík, oft heiman frá mér upp í Selás og stundum í kringum Rauðavatn og þar um kring. Mér finnst gott að hlaupa ein, pæli mikið og hugsa í lausnum á leiðinni, en ég fæ líka lánaða labradorhunda hjá systkinum og vinum. Það er fínt að hafa hundana til að halda mér við efnið.“

Aðspurð segir Sigurbjörg stefnuna setta á tímann 58,58 í sama hlaupi að ári. „Ég verð að fara að æfa mig strax undir það. Þetta er úthugsað sport, ekki síður en líkamlegt.“

kjartan@frettabladid.is

---

**ÞETTA GERÐIST: 21. ÁGÚST 1911**

## Málverkinu fræga af Monu Lisu stolið



Málverkinu fræga, Monu Lisu, var stolið af listasafninu Louvre á þessum degi árið 1911. Það var málarinn Louis Béroud sem uppgötvaði stuldinn þegar hann kom að auðum veggnum morguninn eftir. Hann hafði samband við öryggisvörð sem taldi að myndin hefði verið tekin niður fyrir myndatöku. Það reyndist hins vegar ekki rétt og safninu var því tafarlaust lokað í viku meðan á rannsókn málsins stóð.

Franska ljóðskáldið Guillaume Apollinaire, sem hafði áður sagt opinberlega að Louvre-safnið ætti að brenna til kaldra kola, lá fljótlega undir grun. Hann var fangelsaður en Guillaume reyndi að koma sökinni yfir á vin sinn, Pablo Picasso, sem einnig var yfirheyrður. Vinirnir voru þó fljótlega leystir úr haldi.

Tveimur árum síðar komst upp um þjófinn sem reyndist vera ítalski þjóðernissinninn Vincenco Peruggia, sem var starfsmaður safnsins og taldi verkið þjóðareign Ítala. Eftir að hafa geymt verkið í íbúð sinni í tvö ár gerðist hann óþolinmóður og reyndi að selja Uffizi-safninu í Flórens það. Verkið var sýnt á helstu söfnum Ítalíu en var síðan sent aftur til eigenda sinna í Frakklandi.

Peruggia var hylltur um alla Ítalíu fyrir verknaðinn og fékk aðeins nokkra mánuði í fangelsi.

---



Faðir okkar,

**EYSTEINN GÍSLI GÍSLASON**
**Skáleyjum,**

verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Flateyjarkirkju.

**Egill Teitur Eysteinsson**
**Ingibjörg Vigdísardóttir**
**Andrés Gísli Vigdísarson**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**ÞURÍÐUR BAXTER**

andaðist að morgni sunnudags 19. ágúst. Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Stefán Baxter**
**og fjölskylda.**
**Linda Rut Benediktsdóttir**

# ÚTSALA!

## AFSLÁTTUR ALLT AÐ 50%



## ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



## PARKET FLÍSAR HURÐIR



# krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** kraðak, **8.** aur, **9.** veiðarfæri, **11.** eyrir, **12.** langt op, **14.** skrælnuð trjágrein, **16.** klafi, **17.** gljúfur, **18.** stígandi, **20.** komast, **21.** hvæs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistartegund, **3.** frá, **4.** örvandi efni, **5.** bjálki, **7.** glýja, **10.** ósigur, **13.** ískur, **15.** gróft orð, **16.** heyskaparamboð, **19.** sjó.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** ös, **8.** for, **9.** nót, **11.** fé, **12.** klauf, **14.** sprek, **16.** ok, **17.** gil, **18.** ris, **20.** ná, **21.** fnæs.
**LÓÐRÉTT: 1.** fönk, **3.** af, **4.** koffein, **5.** tré, **7.** sólskin, **10.** tap, **13.** urg, **15.** klám, **16.** orf, **19.** sæ.


EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Vífilsgata 23 - tvær glæsilegar íbúðir**




Tvær íbúðir í sama húsi ! .Einstaklega glæsilegar og algjörlega endurnýjaðar 3ja herbergja íbúðir á 1.og 2.hæð (efri)í parhúsi í Norðurmýrinni. Húseignin hefur verið algjörlega endurnýjuð jafnt að utan sem innan, sem og öll sameign og garður. Húsið er númálað og á því er fallegur og klassískur arkitektúr. Húsið er í enda götu og því næg bílastæði.Frábær staðsetning í næsta nágrenni við miðbæinn, en einstaklega rólegt hverfi þar sem enginn truflun er af umferð. **Verð íbúðanna er 24,9 millj. 1.hæðin og 25,9 millj. 2.hæð.** **OPIÐ HÚS ER Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:00-18:30** 1897



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Þorláksgeisli 5**

**3ja herbergja íbúð með tvennum svölum**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00 – 18.00**




Vönduð 102,9 fm íbúð á 3. hæð með tvennum svölum í góðu fjölbýlishúsi. Sér þvottaherbergi innan íbúðar og sér stæði í bílageymslu. Stór stofa með útgangi á svalir til suðvesturs með glerlokun og viðargólfi. Rúmgott hjónaherbergi með útgangi á flísalagðar svalir til suðausturs. Sameign og hús að utan í góðu ástandi. **Verð 27,9 millj.** **Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.** **Íbúð merkt 0302. Inga á bjöllu.**



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

FÁÐU ÞÉR VÍSI OFT Á DAG

vísir - oft á dag


# Óskað eftir framsýni

**BAKÞANKAR** Kolbeins Óttarssonar Proppé



Talið er að hægt sé að tímasetja næstum upp á dag hvenær Íslendingar gáfu norskíslenska síldarstofninum slíkt högg að síldin lét ekki sjá sig hér næstu áratugina – og fórðast sum svæði enn. Það mun hafa verið 23. ágúst 1967 þegar met var slegið á miðunum og flotinn, búinn kraftblökkum og asdicfiskileitartækjum, veiddi 16 þúsund tonn af síld. Skömmu síðar hvarf síldin og með henni stórfin, athafnasemin, fólkið og peningarnir.

**SÍLDARÆVINTÝRI** 7. áratugar síðustu aldar er kennslubókardæmi um hvernig ekki á að umgangast auðlind. Nýjustu tækni var beitt til að ryksuga hafið af síld, spekúlantar reistu risastór mannvirki til að vinna hana og hýsa verkafólkið og svo hvarf allt. Sum bæjarfélög hafa ekki borið sitt barr síðan. Það á sérstaklega við um bæi þar sem enginn heimamaður tók þátt í uppbyggingunni, hvorki opinberir aðilar né einstaklingar. Atvinnutækin voru öll í höndum utanaðkomandi aðila og gróðinn fór allur í þeirra vasa. Þegar síldin fór, fóru þeir.

**NÚ** skiptir það í raun litlu máli hvar ríki kallinn sem græðir á einhverju á lögheimili. Hvort hann hallar höfði sínu á kodda í Arnarnesi eða Kína, er bitamunur en ekki fjár. Það sem skiptir hins vegar máli er að eigandi auðlindarinnar fái sinn eðlilega skerf af nýtingu hennar. Bæjarfélög sem umturnuðust vegna síldarævintýrisins hefðu átt að eiga sitt plan og sína verksmiðju, nýta gróðann til að byggja upp innviði samfélagsins. Það var sumstaðar gert, sumstaðar ekki og eftir urðu draugabæir.

**HIÐ** sama gildir um allar þær auðlindir sem landið og hafið búa yfir. Skiptir þá engu hvort um er að ræða fiskinn í sjónum, ósnortið víðerni, heitt vatn í jörðu, fallvötnin okkar eða kalt og hreint vatn – en ljóst er að þar er á ferð auðlind sem aðeins verður verðmætari eftir því sem fram líða stundir og þar með eftirsóttari.

**ÞEGAR** kemur að auðlindunum þarf því að horfa lengra fram í tímann en að næstu alþingiskosningum. Það þarf að huga að fleiru en því að geta slegið tappa úr kampavínsflösku fyrir framan sjónvarpsmyndavélar vegna óljósra loforða um uppbyggingu. Framsýni er lykilorðið og sú sýn þarf að ná lengra fram en sem nemur starfsöryggi ráðamanna.

**OFT** og tíðum læðist sú hugsun að manni að einmitt þetta sé stærsti vandi Íslendinga; skortur á framsýni. Við erum meira í því að stökkva á nýjasta dægurmálið og lofa einhverju í takt við nýjustu skoðanakönnunina. Það er synd, því assgoti gætum við öll haft það gott hér á þessu skeri ef við vönduðum okkur aðeins.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri

Gildir aðeins í dag 21. ágúst.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# menning

menning@frettabladid.is



**TÓNLEIKAR Í LISTASAFNI SIGURJÓNS** Ítalskur andblær verður ráðandi á tónleikum Listasafns Sigurjóns í Laugarnesi í kvöld þegar klarínettuleikarinn Einar Jóhannesson og ítalski píanóleikarinn Alessandra Pompili leika verk eftir Nino Rota, Franz Liszt, Þorkel Sigurbjörnsson, Sergio Calligaris og Paul Jean-Jean.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 21. ágúst 2012**

### ➜ Tónlist

**20.30** Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Alessandra Pompili píanóleikari koma fram á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns. Miðaverð er kr. 2.000.

**21.00** Kvartett franska bandoneonleikarans Olivier Manoury kemur fram á djasstónleikaröð KEX Hostels, Skúlagötu 28. Hljóðfæri Oliviers, bandoneon, er argentínsk harmóníka. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Janis Carol Nielsson og landslið íslenskra djassleikara halda tónleika á Café Rosenberg.

**21.00** Trompetleikarinn Ari Bragi Kárason kemur fram á Græna hattinum ásamt djasshljómsveit sinni frá New York, Melismetiq. Aðgangseyrir er kr. 2000.

**22.00** Guðmundur Pétursson og hljómsveit halda tónleika á Jazzhátíð Reykjavíkur á Faktorý. Þeir munu meðal annars leika tónlist af plötunni Elabórat. Miðaverð er kr. 2.000.

### ➜ Útivist

**19.30** Guðný Aradóttir býður áhugasömum að mæta í stafagöngukennslu í Viðey en hún er einn fremsti leiðbeinandi landsins í íþróttinni. Þátttaka er ókeypis en gjald í Viðeyjarferju er kr. 1.000 fyrir fullorðna og kr. 500 fyrir börn 7-15 ára.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




# Spilastokk hent á loft og dregið um röð atriðanna

**Ástarsamband karls og konu er umfjöllunarefni leikritsins 52 sem verður frumsýnt annað kvöld. Uppbygging verksins er óvenjuleg en tilviljun ræður í hvaða röð senur verksins eru fluttar.**



**SETJA UPP VERK UM SAMBAND KARLS OG KONU** Hannes Óli, Vignir og Melkorka eru aðstandendur sýningarinnar 52 sem frumsýnd er annað kvöld.

„Leikritið 52 er samansett úr 52 senum sem spanna allt samband söguhetjanna tveggja, frá því að þau kynnast og þar til að tvö ár eru liðin frá skilnaði þeirra," segir Hannes Óli Ágústsson, annar tveggja leikara verksins 52 sem frumsýnt verður í Gym & Tonic salnum á Kexi annað kvöld. Auk Hannesar Óla standa að verkinu þau Melkora Óskarsdóttir sem fer með kvenhlutverk verksins og þýðir það að auki og Vignir Rafn Valþórsson sem leikstýrir verkinu.

Uppbygging verksins er ekki hefðbundin og hún veldur því að engar tvær sýningar verða eins. „Í upphafi leikritsins köstum við spilastokk á loft, á hvert spil er ritað nafn atriðis úr verkinu og atriðin eru leikin í þeirri röð sem við drögum spilin upp af gólfinu. Það er þannig tilviljunum háð í hvaða röð þau eru leikin. Áhorfendur fylgjast þannig með sambandi söguhetjanna í brotakenndri röð, sem er mjög áhugavert og rímar við minningar fólks, þær eru ekki endilega í tímaröð með skipulögðu upphafi og endi," segir Hannes Óli sem segir krefjandi og þroskandi að leika í verkinu. „Og verkið er mjög skemmtilegt. Áhorfendur tengja örugglega vel við senurnar í verkinu sem spanna allt frá vandræðalegum fyrstu kynnum, rifrildum pars um ekki neitt, símtöl og eftirmála sambandsins."

> Áhorfendur fylgjast þannig með sambandi söguhetjanna í brotakenndri röð.
>
> **HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON** LEIKARI

Hannes Óli og Melkorka eru gamlir vinir og höfðu lengi leitað að verki til að setja upp saman. „Melkorka frétti svo af þessu leikriti sem er kanadískt verðlaunaverk eftir T. J. Dawe og Ritu Bozi. Við settum okkur í samband við höfundana sem tóku okkur vel," segir Hannes Óli. „Við fengum svo Vigni Rafn til liðs við okkur en hann leikstýrir verkinu, við erum gamlir vinir og höfum áður unnið saman."

Tvær sýningar eru áætlaðar á 52. Sú fyrri er á morgun klukkan sex í Gym & Tonic-salnum á Kexi sem fyrr sagði og hin síðari er á föstudag á sama tíma.

sigridur@frettabladid.is






**LYKLASKIPTI** Jón Gnarr borgarstjóri afhendir Kristínu Steinsdóttur, formanni Rithöfundasambands Íslands, lyklana að Gunnarshúsi. MYND/HÖFUÐBORGARSTOFA

# Rithöfundar fá lykilinn að Gunnarshúsi

Að morgni afmælisdags Reykjavíkurborgar, þann 18. ágúst, undirrituðu Jón Gnarr borgarstjóri og Kristín Steinsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands, gjafaafsal þar sem Reykjavíkurborg gefur Rithöfundasambandi Íslands Gunnarshús að Dyngjuvegi 8 í Reykjavík í tilefni af því að Reykjavík er orðin ein af Bókmenntaborgum UNESCO.

Við sama tækifæri gaf Gunnar Björn Gunnarsson, fulltrúi fjölskyldunnar og stjórnarformaður Gunnarsstofnunar, Rithöfundasambandinu ljósmyndir úr einkasafni af heimili Gunnars Gunnarssonar og Franziscu Antoniu Josephine Jörgensen, konu hans.

Við lyklaskiptin las Pétur Gunnarsson rithöfundur ljóð Hannesar Péturssonar, Í húsi við Dyngjuveg, og Sigurður Pálsson rithöfundur sagði söguna um fræið bak við tréð, eða tilurð þess að borgin keypti húsið á sínum tíma.

Gunnarshús eftir Hannes Kr. Davíðsson arkitekt var byggt á árunum 1950-52 sem heimili Gunnars Gunnarssonar rithöfundar og Franziscu konu hans. Reykjavíkurborg keypti húsið árið 1991 og árið 1997 var gengið frá samningi milli Reykjavíkurborgar og Rithöfundasambandsins um ótímabundin afnot sambandsins af húsinu, í því skyni að þar verði miðstöð og félagsaðstaða íslenskra rithöfunda og að með því sé heiðruð sérstaklega minning skáldsins Gunnars Gunnarssonar.

Gunnarshús er nú miðstöð rúmlega 400 meðlima sambandsins og jafnframt hefur húsið orðið að lifandi minningu um Gunnar Gunnarsson, með fjölda viðburða sem varða skáldið og verk hans.

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Húsavík fasteignasala
Borgartúni 29
105 Reykjavík
Sími: 510 3800
husavik@husavik.net
www.husavik.net

ER MEÐ FJÁRSTERKANN KAUPANDA/LEIGJANDA!

Fjársterkur og traustur aðili leitar að atvinnuhúsnæði til kaupa eða leigu undir atvinnurekstur á jarðhæð í **Bankastræti** eða neðarlega á **Laugaveginum** í 101 Reykjavík.



**Upplýsingar veitir**
**Árni Sigurgeirsson lögfræðingur**
**s. 6927203 eða arni@husavik.net**



Tilboð 49 krónur

SJÁÐU VERÐIÐ!

**Plastmöppur**
Glær forsíða - margir litir
Verð áður kr. 99,-
Tilboðið gildir aðeins 21.08.12



Verð 399 kr. stk.

**Harmonikku yddari**
Lítill. Nokkrir litir.




Verð 179 krónur

Verð 89 krónur

**Svart strokleður**
Staedtler gæðastrokleður.
Stór og lítil.



Verð 239 krónur

**Staedtler skrúfblýantur**
Röndóttur. 0,5 mm.



**Skólaskæri**
Marglit.

Verð 489 krónur




Verð 1.149 krónur

Verð 1.299 krónur

**Crayola**
Tússlitir og trélitir
sem nást auðveldlega úr
fötum og af húsgögnum.



Verð 149 krónur

**Límstifti**
Bantex 8 gr.



Verð 2.999 krónur

**Talnagrind**
Auðveldar smáfólkinu
að telja og reikna.




Verð 319 kr. stk.

**Stílabækur - Margir litir**
Vírheftar, línustrikaðar, til í A4 og A5






Vildarklúbbsfélagar sem versla fyrir skólann hjá okkur í dag fá PVC frítt gæðastrokleður frá Staedtler að gjöf.




0 KR.

Skráðu þig í Vildarklúbbinn!

Tilboð gildir til og með 22. ágúst.

Skoðaðu úrvalið í
60 síðna skólabæklingi
á EYMUNDSSON.IS




Eymundsson
Bóksali frá 1872



EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Laugavegur 63 íbúð 0202- endurn.**




Glæsileg 2ja herbergja 51 fm íbúð á 2.hæð í mjög góðu velstaðsettu fjölbýli í miðborginni. Stórar (ca 45 fm) svalir út af stofu. Íbúðin var endurnýjuð má segja frá grunni 2001 m.a. eldhús, bað, gólfefni, innréttingar, skápar, lagnir og fl. Góð lofthæð. Falleg lýsing fylgir og gardínur. Laus fljótlega. Mjög góð sameign. **OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:30 - 18:00** **V. 18,9 M.** 1868

**Kleppsvegur 118 0802 - Frábært úts.**




Falleg 2ja herbergja 64,3 fm íbúð í lyftuhúsi á 8. hæð. Nýleg gólfefni, rúmgóðar svalir til suðurs, björt stofa og rúmgott svefnherbergi. **OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:15 - 18:00.** **V. 16,9 M.** 1887

**Hvassaleiti 21 - miðjuraðhús**




Gott samtals 258,1 fm miðjuraðhús við Hvassaleiti. Stór verönd. Yfirbyggðar svalir. Innbyggður bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Stórar stofur. Gegnheilt parket. **OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:00 - 18:00** **V. 47,0 M.** 1420

**Laufásvegur 25 - sérhæð - laus strax**




Falleg og mikið uppgerð miðbæjar íbúð með sér inngangi í virðulegu steinhúsi sem stendur á milli Laufásvegar og Þingholtsstrætis. Gengið er inn frá Þingholtsstræti. Laus strax. **OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:15 - 18:00.** **V. 29,9 M.** 1731

**Miðbraut 6 Seltjarnarnesi - parhús**




Um er að ræða 164,9 fm tveggja hæða parhús og bílskúr á frábærum stað. Húsið skiptist í forstofu, þvottahús, gestasalerni, eldhús, rúmgóða stofu, fjögur herbergi og baðherbergi. Eignin þarfnast standsetningar . **OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:15 - 18:00** **V. 39 M.** 1851

**Laugavegur 86-94 - þrjár nýl. íbúðir.**




Sýnum í opnu húsi á þriðjudag þrjár nýlegar fallegar 2ja herbergja ca 75 - 92 fm íbúðir á 2. og 3.hæð í nýlegu vönduðu lyftuhúsi á fínum stað í miðborginni á Stjörnubíósreitnum. Vandaðar innréttingar, parket. Sérþvottahús innan íbúðar. Sérgeymsla við hlið íbúðar. **UM ER AÐ RÆÐA ÍBÚÐIR 201, 92,4 FM VERÐ 26,5 M. ÍB. 209 FM V. OG ÍB. 0306, 81,9 FM V. 24,9 M. OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17:15 -** 18:00 1007






**56** **ÁRA ER LEIKKONAN KIM CATTRALL Í DAG.** Hún er hvað frægust fyrir að fara með hlutverk hinnar frökku Samönthu í sjónvarpsþáttunum Beðmál í borginni.



**LATE SHOW** Hér eru samstarfskonurnar Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Beth Orton á veitingastaðnum Luciens í New York eftir Late Show með David Letterman. MYND/MICHAEL NEVIN

# Bað um íslenska listamenn

**Söngkonan Beth Orton fékk tvíeykið Árna & Kinski og Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur til að vinna tónlistarmyndband fyrir sig á dögunum.**

Leikstjóratvíeykið Árni & Kinski leikstýrði fyrir skömmu nýju myndbandi ensku indí-söngkonunnar Beth Orton. Hún er þekkt fyrir rafskotna þjóðlagatónlist.

Tónlistarmyndbandið er við lagið Magpie sem er væntanlegt á nýrri breiðskífu hennar Sugaring Season í byrjun október og fóru tökur fram í Colorado í Bandaríkjunum. Með þeim vann stílistinn Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir. „Stewart, umboðsmaður Beth, hringdi í okkur fyrir tveimur mánuðum," segir Stefán Árni sem leikstýrði ásamt Sigga Kinski. Þeir hafa gert fjölda tónlistarmyndbanda, þar á meðal fyrir Snow Patrol, Placebo, Ólöfu Arnalds og Sigur Rós.

Beth þekkti til vinnu þeirra og Hrafnhildar og það sérstaklega um samstarf. „Ég held satt best að segja að þetta hafi komið frá henni. Það er langbest þegar listamaðurinn velur samstarfsmenn sína. Það byggir upp ákveðið traust og gerir allt auðveldara," segir Stefán en Beth hefur listræna stjórn yfir vinnu sinni.

Myndbandið var tekið upp á ótrúlega sjónrænum stað. „Við vorum uppi á The Great Sand Dunes en þar eru risastórar sandöldur." Hrafnhildur bætir við að aðstæður hafi verið frekar erfiðar; mikil hæð yfir sjávarmáli og hiti í það minnsta fjörutíu gráður.

Hún sá einnig um klæðnað fyrir komu Beth í þáttinn Late Show með David Letterman en hann var sýndur vestra 15. ágúst. Þar klæddist hún kjól frá Aftur, hönnun Báru Hólmgeirsdóttur, og bar hálsmen frá Kríu, skartgripahönnun Jóhönnu Methúsalemsdóttir. Ekki nægðu þessi íslensku tengsl heldur farðaði Andrea Helgadóttir og Tinna Empera Arlexdóttir annaðist hár. „Í myndbandinu er hún líka í kjól frá Aftur og með hátt í hundrað metra handhnýtt bönd sem mynda sviðsmynd sem ég gerði," segir Hrafnhildur og lýsir umstanginu í kringum þáttinn. „Þetta var algjört ævintýri. Svo var fyndið að hafa Lionel Richie í næsta herbergi. Skemmtilegast var þó að vinna fyrir Beth því hún er yndisleg manneskja," segir hún og lýsir henni sem ókrýndri drottningu þjóðlagatónlistar.

hallfridur@frettabladid.is

# Kærð fyrir að styðja samkynhneigða

Madonna hefur verið kærð af níu aðgerðasinnum í Rússlandi. Þeir krefjast þess að hún greiði 10,5 milljónir dollara fyrir að hafa lýst yfir stuðningi sínum við réttindi samkynhneigðra á tónleikum í Sankti Pétursborg í Rússlandi á dögunum.

Í Rússlandi voru lög samþykkt í febrúar sem banna fólki að auglýsa samkynhneigð fyrir fólki undir lögaldri en á tónleikunum voru börn frá tólf ára aldri. Bleikum armböndum var dreift á tónleikunum og var fólk látið lyfta höndum með þeim í sameiningu fyrir réttindum samkynhneigðra.

Alexander Pochuyev, lögfræðingur hópsins, gaf út tilkynningu til varnar skjólstæðingum sínum. „Það er enginn að brenna neinn á báli eða að framkvæma nákvæma rannsókn. Nútíma þjóðfélög krefjast umburðarlyndis og virðingar fyrir ólíkum gildum."



**BARÁTTUKONA** Madonna hefur verið kærð fyrir að auglýsa samkynhneigð fyrir fólki undir lögaldri. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Minaj hvílir raddböndin

Nicki Minaj hefur þjáðst vegna særinda í hálsi að undanförnu. Læknar sögðu henni að hvíla röddina í hið minnsta tvær vikur. Hún lét það ekki stoppa sig og kom fram í The Today Show fyrr í vikunni. Það kemur nú niður á tónleikahaldi því hún neyddist til að aflýsa flutningi sínum á bresku tónleikahátíðinni V Festival um helgina til að hvíla raddböndin.



**NICKI MINAJ** Söngkonan aflýsti tónleikum á V Festival um helgina.




## HP Probook 4540s

**149.900 kr.**

B6M00EA

**Örgjörvi:** Intel Core i3-2370M 2,4GHz
**Vinnsluminni:** 8GB DDR3
**Harður diskur:** 320GB, 7200rpm
**Skjár:** 15,6" glampalaus
**Skjákort:** AMD Radeon HD7650m 1GB
720p HD vefmyndavél, taska fylgir.

# VERTU KLÁRARI

**Hvaða tölva hentar þér?** Komdu í OK búðina að Höfðabakka 9 og láttu sérfræðingana fræða þig um hvaða tölva hentar þér.




## HP Probook 4340s

**144.900 kr.**

B6N71EA

**Örgjörvi:** Intel Core i3-2370M 2,4GHz
**Vinnsluminni:** 8GB DDR3
**Harður diskur:** 500GB, 7200rpm
**Skjákort:** Intel HD Graphics 3000 skjástýring
**Skjástærð:** 13,3" glampalaus




## Macbook Air

**189.900 kr.**

Z0NA

**Örgjörvi:** Intel Core i5 2,6 Ghz
**Vinnsluminni:** 4GB DDR3
**Harður diskur:** 64GB Flash geymsla
**Skjákort:** Intel HD Graphics 4000
**Skjástærð:** 11,6"




## Fujitsu AH530

**109.900 kr.**

VFY: AH530M23A2IS

**Örgjörvi:** Intel Core i3 380M 2,53GHz
**Vinnsluminni:** 4GB DDR3
**Harður diskur:** 500GB, 7200rpm
**Skjákort:** Intel HD Graphics
**Skjár:** 15.6" LED BrightView

FUJITSU | Fæst hjá endursöluaðilum um land allt

VERT

OK búðin

OK búðin · Höfðabakka 9 · 110 Reykjavik · Sími 570 1140 · www.okbudin.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REVOLUTION | 3:40-5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ísl. tali | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ísl. tali | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| BRAVE enskt. tali | KL. 8 - 10:20 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | KL. 4 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. tali | KL. 3:40 | 2D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. tali | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| STEP UP REV.. ótext. | KL. 10:30 | 3D | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ísl. tali | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ísl. tali | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ensku tali | KL. 9 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REV. | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| BRAVE ísl. tali | KL. 5:50 | 3D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | KL. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE HIN HUGRAKKA ísl. tali | KL. 6 | 3D | L |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 3D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 -10:10 | 2D | 12 |
| BRAVE ísl. tali | KL. 5:50 | 2D | |
| UNDRALAND IBBA ísl. tali | KL. 6 | 2D | |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ísl. tali | KL. 6 | 2D | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG






SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE WATCH LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 3.30 - 5.45 | 7 |
| BRAVE:HIN HUGRAKKA 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BRAVE:HIN HUGRAKKA 3D | KL. 5.45 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL / 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.40 | 7 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 5.40 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | KL. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 12 |
| KILLER JOE | KL. 10.15 | 16 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE WATCH | 8, 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 4, 6 - ISL TAL | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | 4, 6 - ISL TAL | L |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 3.50, 6, 8, 10.20 | 12 |
| KILLER JOE | 10.20 | 16 |




**TONY SCOTT** Leikstjórinn og framleiðandinn fyrirfór sér með því að stökkva fram af brú í Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stjörnurnar syrgja Scott

**Hollywood-leikstjórinn Tony Scott svipti sig lífi með því að stökkva fram af brú í Los Angeles. Þekktir leikarar og leikstjórar minntust hans í gær.**

Sjálfsvíg Tonys Scott hefur komið bæði kvikmyndaáhugamönnum og fólki úr kvikmyndabransanum í opna skjöldu. Hann lést í fyrrakvöld, 68 ára gamall, með því að stökkva fram af brú í Los Angeles. Nokkrir sjónarvottar voru að sjálfsvíginu.

Scott var með nokkur verkefni í vinnslu þegar hann lést. Meðal þeirra tveggja stærstu var sjónvarpsmyndin Killing Lincoln fyrir National Geographic Channel og mynd fyrir aðra sjónvarpsstöð, AMC, um demantaviðskipti. Einnig var hann að undirbúa framhaldið af Top Gun, sem var hans vinsælasta mynd. Scott kvæntist þrisvar sinnum og átti tvíburasyni með þriðju eiginkonu sinni, Donnu Wilson.

„Ekki fleiri myndir frá Tony Scott. Sorgardagur,“ sagði leikstjórinn Ron Howard um fráfall kollega síns. Annar leikstjóri, Robert Rodriguez, bætti við. „Það var frábært að kynnast þér vinur. Takk fyrir innblásturinn, ráðin sem ég fékk, hvatninguna og áratugi af frábærri skemmtun.“ Leikkonan Keira Knightley, sem lék í mynd hans Domino, sagði: „Tony Scott var einn ótrúlegasti og hugmyndaríkasti maður sem ég hef nokkru sinni unnið með. Það voru forréttindi að fá að starfa með honum.“ Bretinn Stephen Fry bætti svo við: „Virkilega sorglegt að heyra fréttirnar af Tony Scott. Flottur kvikmyndagerðarmaður og afar heillandi og hógvær maður.“

Auk þess að leikstýra myndum á borð við Top Gun, Beverly Hills Cop II og True Romance var Scott mikilsvirtur framleiðandi. Til að mynda framleiddi hann Prometheus, sem bróðir hans Ridley leikstýrði. Hún var að hluta til tekin upp á Íslandi á síðasta ári. Undanfarin ár leikstýrði Scott nokkrum myndum með Denzel Washington í aðalhlutverki, þar á meðal Man on Fire og Unstoppable. Síðasta myndin sem hann framleiddi var Out of the Furnace með Christian Bale í aðalhlutverki. Hún kemur út á næsta ári.

**ÞEKKTUSTU MYNDIR TONYS SCOTT**

**The Hunger** (1983)
**Top Gun** (1986)
**Beverly Hills Cop II** (1987)
**Days of Thunder** (1990)
**True Romance** (1993)
**Enemy of the State** (1998)

# *Ekki hrifinn af þeim Kardashian-systrum*

Leikarinn Jeremy Renner lýsir yfir andúð sinni á Kardashian-fjölskyldunni í nýlegu viðtali við breska blaðið Guardian. Kardashian-fjölskyldan hefur gert garðinn frægan með raunveruleikaseríu sinni Keeping up with the Kardashians á sjónvarpsstöðinni E! en Renner er ekki í aðdáendahópi fjölskyldunnar.

„Þetta eru hallærislegar manneskjur með enga hæfileika sem nota líf sitt til að gera nöfn sín eins fræg og hægt er. Þau eru alveg ótrúlega heimsk,“ segir Renner sem þessa dagana er að kynna mynd sína The Bourne Legacy.

Systurnar Kim, Kourtney og Khloé Kardashian eiga milljónir aðdáenda úti um allan heim en þær heilla ekki fræga fólkið. Anna Wintour, ritstýra Vogue, bannaði til dæmis Kim Kardashian á tískugalakvöldinu á MET-safninu í fyrra, Barbara Walters sagði systurnar hæfileikalausar er hún tók viðtal við þær og sjálfur James Bond, Daniel Craig, sagði í viðtali við blaðið GQ að honum þætti ótrúlegt hvernig manneskjur gætu hagað sér eins og aular og grætt milljónir dollara.





**EKKI AÐDÁANDI** Leikarinn Jeremy Renner er ekki hrifinn af þeim Kardashian-systrum og segir þær bæði hallærislegar og heimskar. NORDICPHOTOS/GETTY



**MATT BELLAMY** U2 veitti Muse innblástur við gerð nýrrar plötu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Innblástur frá U2

Matt Bellamy, forsprakki Muse, segir að U2 hafi veitt hljómsveitinni innblástur við gerð nýju plötunnar. „Við fórum með U2 í tónleikaferð um Suður-Ameríku í fyrra. Það eru tvímælalaust smá áhrif frá þeim á plötunni, smá Achtung Baby [plata U2 frá 1991] hér og þar,“ sagði Bellamy við tímaritið Classic Rock.

Plata Muse nefnist The 2nd Law og er væntanleg 1. október. Meðal annarra áhrifavalda á plötunni var dubstep-upptökustjórinn Skrillex og kvikmyndatónskáldið Hans Zimmer.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ PARADÍS

**ÞRIÐJUDAGUR: TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ STARS ABOVE 18:00 ■ RED LIGHTS 22:10 ■ BERNIE 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

24. ÁGÚST: ELLES (ÞÆR) með Juliette Binoche!

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

## Dæmi:

# Sonur Egils á þrjú epli en þú ekkert. Af hverju er þér sama?

**Svar:** Af því þú kaupir eplakassa fyrir það sem þú sparar í Griffli







## Opnunartímar Griffils næstu vikuna

*Alla virka daga og laugardaginn Kl. 10-22*

*Sunnudaginn Kl. 12-22*

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010

Auglýsingin gildir til og með 22. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# sport

sport@frettabladid.is



**SANDRA MARÍA JESSEN ÚR ÞÓR OG ELÍN METTA JENSEN ÚR VAL** verða í sviðsljósinu í 15. umferð Pepsi-deildar kvenna í kvöld en þessar 17 ára stelpur eru í hörkukeppni um gullskóinn. Elín Metta er búin að skora 8 mörk í síðustu 4 leikjum og er nú einu marki á eftir Söndru Maríu sem er markahæst með 14 mörk. Leikir kvöldsins eru: Selfoss-ÍBV (kl. 18.00), KR-FH (18.30), Þór/KA-Afturelding(18.30), Valur-Fylkir (18.30) og Stjarnan-Breiðablik (kl. 19.15 í beinni á Stöð 2 Sport og Vísi).

## Valur 1-2 Fylkir

Vodafonev., áhorf.: 893 Vilhjálmur A. Þórarinsson (7)

**0-1 sjálfsmark (5.), 0-2 Elís Rafn Björnsson (25.), 1-2 Rúnar Már Sigurjónsson (51.)**

**Skot (á mark):** 12-7 (3-4)
**Varin skot:** Sindri Snær 2 - Bjarni Þórður 2

**VALUR (4-3-3):** Sindri Snær Jensson 6 - Jónas Tór Næs 4, Atli Sveinn Þórarinsson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Matarr Jobe 3 (85., Úlfar Hrafn Pálsson -) - Guðjón Pétur Lýðsson 5, Rúnar Már Sigurjónsson 6, Andri Fannar Stefánsson 3 (63., Þórir Guðjónsson 5) - Matthías Guðmundsson 4 (80., Ásgeir Þór Ingólfsson -), Kristinn Freyr Sigurðsson 6, Kolbeinn Kárason 5.

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Elís Rafn Björnsson 7, Kristján Valdimarsson - (12., Ásgeir Eyþórsson 6), David Elebert 6, Tómas Þorsteinsson 5 - Finnur Ólafsson 7, ***Davíð Þór Ásbjörnsson 7**, Magnús Þórir Matthíasson 6 (73., Árni Freyr Guðnason -) - Ingimundur Níels Óskarsson 6, Kjartan Ágúst Breiðdal 5, Björgólfur Takefusa 6 (85. Jóhann Þórhallsson -).

* Maður leiksins

**Valsmenn** eru aðeins búnir að ná í 3 af 18 mögulegum stigum út úr næsta leik eftir sigurleik í Pepsi-deildinni. Valsmenn hafa ekki náð að vinna tvo deildarleiki í röð síðan að þeir unnu Fram og Selfoss i fyrstu tveimur umferðunum í sumar. **- óój**

## Grindavík 0-4 Selfoss

Grindavík, áhorf.: 439 Guðmundur Á. Guðmunds. (5)

**0-1 Jón Daði Böðvarsson (20.), 0-2 Jon Andre Royrane (30.), 0-3 Tómas Leifsson (48.), 0-4 Viðar Örn Kjartansson (86.)**

**Skot (á mark):** 9-12 (4-7)
**Varin skot:** Óskar 3 - Duracak 4

**GRINDAVÍK (4-4-2):** Óskar Pétursson 6 - Loic Mbang Ondo 4, Ólafur Örn Bjarnason 4, Mikael Eklund 4, Matthías Örn Friðriksson 4 - Ray Anthony Jónsson 4, Björn Berg Bryde 4, Iain James Williamson 5, Alex Freyr Hilmarsson 4 - Tomi Ameobi 4, Magnús Björgvinsson 5.

**SELFOSS (4-5-1):** Ismet Duracak 6 - Endre Ove Brenne 6, Hafþór Þrastarson 6, Bernard Petrus Bron 6, Robert Sandnes 6 - ***Jón Daði Böðvarsson 8**, Babacar Sarr 7, Egill Jónsson 8, Jon Andre Royrane 8, Tómas Leifsson 7 - Viðar Örn Kjartansson 8.

* MAÐUR LEIKSINS

## ÍBV 0-1 Keflavík

Hásteinsvöllur, áhorf.: 679 Erlendur Eiríksson (8)

**0-1 Guðmundur Steinarsson (11.)**

**Skot (á mark):** 20-5 (9-1)
**Varin skot:** Abel 0 - Ómar 0, Árni 7

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 6 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 6 (76., Ian David Jeffs -), Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 6 - Tonny Mawejje 5, George Baldock 7, Guðmundur Þórarinsson 7 - Víðir Þorvarðarson 5 (59., Andri Ólafsson 6), Christian Steen Olsen 5, Þórarinn Ingi Valdimarsson 5.

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannson - (12., ***Árni Freyr Ásgeirsson 8**) - Hilmar Geir Eiðsson 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Magnús Þór Magnússon 6, Jóhann Ragnar Benediktsson 6 - Einar Orri Einarsson 6, Denis Selimovic 5, Frans Elvarsson 4 - Bojan Stefán Ljubicic 5 (67., Sigurbergur Elísson 5), Guðmundur Steinarsson 7, Magnús Þór Magnússon 6 (67., Hörður Sveinsson 5).

* MAÐUR LEIKSINS



**FYLKISSIGUR Á HLÍÐARENDA Í GÆR** Fylkismenn fagna hér marki Elís Rafnar Björnssonar sem kom Árbæjarliðinu í 2-0 með sínu fyrsta marki í efstu deild. Valsmönnum ætlar aftur á móti að ganga illa að vinna tvo leiki í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Selfoss og Fram með sigra

**Selfyssingar og Framarar unnu mikilvæga sigra í fallbaráttunni í gær en útilitið er orðið svart í Grindavík. Keflvíkingar fyrstir til að vinna í Eyjum í sumar.**

**FÓTBOLTI** Selfyssingar eru ekki búnir að syngja sitt síðasta í Pepsi-deildinni í sumar þrátt fyrir að hafa ekki unnið leik í tæpa þrjá mánuði. Þeir eru með sex stig og átta skoruð mörk í síðustu tveimur leikjum en eru þó áfram í fallsæti þar sem Fram vann Breiðablik í gærkvöldi.

Selfyssingar unnu gríðarlega mikilvægan 4-0 sigur í Grindavík. Grindvíkingar byrjuðu leikinn ágætlega og fengu 2-3 færi sem þeir náðu ekki að nýta og eftir að Selfyssingar komust í 0-1 á 20 mínútu var ekki aftur snúið.

„Þetta var frábær leikur, það gekk allt upp sem við lögðum upp með. Það hreyfðu sig allir alveg þvílíkt vel í þessum leik og ég er bara virkilega ánægður með strákana í dag. Framhaldið lítur mjög vel út og vonandi náum við að halda þessu áfram til loka tímabilsins," sagði Jón Daði Böðvarsson best maður vallarins.

Guðmundur Steinarsson tryggði Keflavík 1-0 sigur í Eyjum með skondnu skallamarki strax á 11. mínútu. Keflvíkingar léku án Arnórs Ingva Traustasonar og Jóhanns Birnis Guðmundssonar í leiknum en unnu engu að síður sinn fimmta útisigur í sumar.

„Mér fannst við hanga of mikið á boltanum og sækja sömu megin. Þetta gekk ekki eins og vanalega hjá okkur en auðvitað voru aðstæður erfiðar. Þeir pökkuðu bara í vörn sem er eðlilegt. Við reyndum hvað við gátum, hentum mönnum fram og reyndum að breyta til en það tekst ekki alltaf," sagði," sagði Magnús Gylfason, þjálfari ÍBV eftir leik.

„Miðað við baráttuna sem við sýndum þá finnst mér þetta vera sanngjörn úrslit. Þeir voru betri með boltann og áttu fleiri færi, en þegar þú berst svona mikið og hendir þér fyrir hvern einasta bolta þá áttu alltaf eitthvað skilið," sagði Keflvíkingurinn Ómar Jóhannsson eftir leik.

Fylkir gerði góða ferð á Vodafonevöllinn og sigraði Val 2-1. Frábær fyrri hálfleikur Fylkis lagði grunninn að sigrinum en staðan í hálfleik var 2-0.

Valur minnkaði muninn snemma í seinni hálfeik og fékk dauðafæri til að jafna metin en allt kom fyrir ekki og Fylkir blandaði sér í baráttuna um Evrópusæti á kostnað Vals. „Þetta var frábær sigur og dýrmæt þrjú stig. Menn komu vel stemmdir til leiks og við náðum okkur í góða stöðu og skópum sigurinn í fyrri hálfleik," sagði Ásmundur Arnarsson þjálfari Fylkis.

Framarar unnu frábæran sigur, 3-2, gegn Breiðablik á Laugardalsvellinum. Framarar lentu undir í síðari hálfleiknum en gáfust ekki upp og skoruðu tvö mörk sem tryggði þeim stigin þrjú. Almarr Ormarsson skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnu.

„Ég er aðallega ánægður með vinnusemina og karakterinn hjá strákunum," sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, eftir leikinn. „Við spiluðum á köflum mjög vel og leikmenn lögðu sig allir gríðarlega mikið fram," sagði Þorvaldur.

**- hþg, gt, gmi, sáp, óój**

Ísland tekur á móti Ísrael í undankeppni EM í körfubolta í Höllinni í kvöld:

# Pavel ekki með gegn Ísrael



**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið mætir Ísrael klukkan 19.15 í Laugardalshöllinni í kvöld í undankeppni EM en strákarnir unnu frábæran sigur á Slóvökum um helgina.

Pavel Ermolinskij meiddist í upphitun fyrir Slóvakíuleikinn og var ekki með. Hann er ekki orðinn góður og verður hvíldur í leiknum í kvöld. Logi Gunnarsson snýr hins vegar aftur eftir veikindi. **- óój**

## Fram 3-2 Breiðablik

Laugardalsvöllur, áhorf.: 601 Garðar Örn Hinriks., (7)

**1-0 Hólmbert Aron Friðjónsson (26.), 1-1 Arnar Már Björgvinsson (45.), 1-2 Nichlas Rohde (58.), 2-2 Kristinn Ingi Halldórsson (62.), 3-2 Almarr Ormarsson, víti (74.)**

**Skot (á mark):** 11-7 (5-6)
**Varin skot:** Ögmundur 4 - Sigmar Ingi 2

**FRAM (4-3-3):** ***Ögmundur Kristinsson 8** - Daði Guðmundsson 6, Kristján Hauksson 6, Hlynur Atli Magnússon 7, Alan Lowing 6 - Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 6, Almarr Ormarsson 7, Halldór Hermann Jónsson 7 - Kristinn Ingi Halldórsson 8, Hólmbert Aron Friðjónsson 7 (66. Orri Gunnarsson 5), Sveinbjörn Jónasson 6 (77. Sam Tillen -).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Sigmar Ingi Sigurðarson 4, Gísli Páll Helgason 5, Renee Troost 6, Sverrir Ingi Ingason 6, Kristinn Jónsson 5 - Andri Rafn Yeoman 5, Finnur Orri Margeirsson 4, Olgeir Sigurgeirsson 4 (77. Elfar Árni Aðalsteinsson -), Arnar Már Björgvinsson 6 (66. Tómas Óli Garðarsson 5), Ben Everson 6 (66. Haukur Baldvinsson 5), Nichlas Rohde 6.

* MAÐUR LEIKSINS

## PEPSI DEILD KARLA

### Pepsi-deild karla:

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **14** | **10** | **2** | **2** | **36-14** | **32** |
| KR | 15 | 8 | 3 | 4 | 28-20 | 27 |
| **ÍBV** | **15** | **8** | **2** | **5** | **27-13** | **26** |
| Keflavík | 16 | 7 | 3 | 6 | 27-23 | 24 |
| **ÍA** | **15** | **7** | **3** | **5** | **24-28** | **24** |
| Fylkir | 16 | 6 | 5 | 5 | 22-29 | 23 |
| **Stjarnan** | **15** | **5** | **7** | **3** | **32-29** | **22** |
| Breiðablik | 16 | 6 | 4 | 6 | 17-21 | 22 |
| **Valur** | **16** | **7** | **0** | **9** | **24-25** | **21** |
| Fram | 16 | 5 | 1 | 10 | 22-28 | 16 |
| **Selfoss** | **16** | **4** | **2** | **10** | **23-33** | **14** |
| Grindavík | 16 | 2 | 4 | 10 | 22-41 | 10 |



**MAROUANE FELLAINI** Tryggði Everton þrjú stig í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í gær:

# Everton vann United óvænt

**FÓTBOLTI** Marouane Fellaini skoraði eina mark leiksins með skalla á 57. mínútu þegar Everton vann sanngjarnan 1-0 sigur á Manchester United í lokaleik fyrstu umferðar ensku úrvalsdeildarinnar á Goodison Park í gærkvöldi.

Nýjasti liðsmaður United, Robin van Persie, byrjaði á bekknum en kom inn á um miðjan hálfleikinn. Hann komst aldrei í takt við leikinn. -



Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU
FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
Á GÓÐU VERÐI
BÓNUS KAFFI
398 KR. 500 GR
698 KR. KG
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ÞRJÁR 250 ML FERNUR Í PAKKA
159 KR
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
jordbær
1200 g
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR
598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI I LTR.
129 KR
RICE DREAM
ALMOND DREAM
RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK
298 KR. 1 LTR
FRÁ NOREGI:
FROSIN LÚÐA
2798 KR
279 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
NÝJAR
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
195 KR
1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

**> Stöð 2 kl. 22.00**

**Veep**

***Julia Louis-Dreyfus, sem er þekktust sem Elaine Benes í Seinfeld-þáttunum, er komin aftur í glænýjum gamanþáttum sem hafa hlotið mjög góðar viðtökur í HBO. Í Veep leikur hún varaforseta Bandaríkjanna og á fullt í fangi með misjafnlega greinda ráðgjafa og pólitíska andstæðinga sem gera allt til þess að koma höggi á hana.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON GETUR EKKI TIM ALLEN

# *Hömrunartími 2012-útgáfan*

Tim Allen er mjög leiðinlegur karakter. Undir lok síðustu aldar lék hann hinn ofur-karllæga Tim Taylor í tæpan áratug í hinum mjög leiðinlegu þáttum Home Improvement. Tim þessi elskaði kraft-verkfæri, bíla og íþróttir. Honum fannst fáránlegt að hann ryksugaði, skildi aldrei af hverju það þurfti að skola diska áður en þeir voru settir inn í uppþvottavél og í sjónvarpsþætti sem hann stýrði (sem hét Tólatími, e. Tool-Time) var alltaf glyðruleg aðstoðarkona í beltisíðum klipptum stuttbuxum. Hún kallaðist Tólatímastúlkan. Þættirnir áttu reyndar upphaflega að heita Hömrunartími (e. Hammer-Time). Ef það nafn hefði haldist þá hefði stúlkan verið kölluð Hömrunartímastúlkan. Tim þessi átti líka þrjá stereótýpíska drengi. Einn var myndarlegur, einn var nörd og einn var íþróttahetja sem leit út fyrir að vera burstaklippt barn systkina. Með öðrum orðum var öll þáttagerðin stereótýpískur blautur draumur miðaldra, hvíta, kristna tækjablætiskarlmannsins.



Stöð 2 sýnir um þessar mundir nýja gamanþáttaröð með Tim Allen í forgrunni. Hún heitir Last Man Standing og fjallar um karlakarlinn Mike. Hann á eiginkonu og þrjár dætur og takturinn í þáttunum snýst um baráttu Mikes fyrir karllægum gildum í kvennaheimi. Í raun er þáttagerðin 2012-útgáfan af blauta draumnum sem lýst er hér að ofan. Og hún er jafn leiðinleg og frumgerðin.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Að apa og skapa **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (2:13) (Army Wives)
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.53 Kafað í djúpin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Í stríð við fitupúkann** (2:8) (Fedt, fup og flæskesteg) Dönsk þáttaröð í léttum dúr um mat og heilbrigði.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kryddleiðin – Múskat og negull** (2:3) (The Spice Trail) Kate Humble leitar uppi dýrmætustu krydd heims og segir frá þeim. Nú fjallar hún um múskat og negul.
**20.35 Litbrigði lífsins** (8:10) (Lark Rise to Candleford) Myndaflokkur sem segir frá lífinu í sveitaþorpunum Lark Rise og Candleford í Oxfordskíri upp úr 1880.
**21.30 Golfið**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Brúin** (1:10) (Broen) Dansk/sænskir þættir. Lík finnst á Eyrasundsbrúnni, miðja vegum milli Svíþjóðar og Danmerkur og lögreglufulltrúarnir Martin Rohde og Saga Norén vinna saman að því að finna morðingjann. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Popppunktur** (7:8) (Hjólreiðamenn - Bílafólk) (e)
**00.25 Líf vina vorra** (6:10) (Våra vänners liv) (e)
**01.25 Fréttir**
**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Her Best Move**
**10.00 Date Night**
**12.00 Marmaduke**
**14.00 Her Best Move**
**16.00 Date Night**
**18.00 Marmaduke**
**20.00 SherryBaby**
**22.00 Aliens**
**00.15 Joe's Palace**
**02.10 Sione's Wedding**
**04.00 Aliens**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.55 Malcolm in the Middle** (20:25)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (127:175)
**10.20 The Wonder Years** (14:24)
**10.50 How I Met Your Mother** (3:24)
**11.20 Hot In Cleveland** (10:10)
**11.45 The Amazing Race** (10:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So you think You Can Dance** (3:23) (4:23)
**15.05 Sjáðu**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (17:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (6:22)
**19.45 Modern Family** (6:24)
**20.05 The Big Bang Theory** (17:24)
**20.25 Mike & Molly** (2:23)
**20.50 How I Met Your Mother** (20:24)
**21.15 Bones** (8:13)
**22.00 Veep** (1:8) Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.
**22.30 Weeds** (5:13) Ekkjan Nancy Bowden hasláði sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**23.00 The Daily Show: Global Edition** (27:41)
**23.25 2 Broke Girls** (15:24)
**23.50 Up All Night** (3:24)
**00.15 Drop Dead Diva** (11:13)
**01.00 True Blood** (4:12)
**01.50 The Listener** (3:13)
**02.30 Love Bites** (7:8)
**03.15 Hung** (8:10)
**03.45 Bones** (8:13)
**04.30 The Big Bang Theory** (17:24)
**04.50 Mike & Molly** (2:23)
**05.10 How I Met Your Mother** (20:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**
**17.15 Einvígið á Nesinu**
**18.05 Spænsku mörkin**
**18.35 København - Lille** BEINT frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson leika með København.
**20.40 Meistaramörkin**
**21.00 Eimskipsmótaröðin 2012**
**21.30 Pepsi-deild kvk: Stjarnan - Breiðablik**
**23.20 Meistaradeildin: København - Lille**
**01.10 Meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Everton - Man. Utd.**
**14.25 QPR - Swansea**
**16.15 Everton - Man. Utd.**
**18.05 Premier League Review Show 2012/13**
**19.00 Wigan - Chelsea**
**20.50 Man. City - Southampton**
**22.40 Football League Show 2012/13**
**23.10 Sunnudagsmessan**
**00.25 WBA - Liverpool**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (5:175)
**19.00 The Middle** (7:24) (8:24)
**19.50 Spurningabomban** (3:11)
**20.40 Steindinn okkar** (3:8)
**21.05 Spaugstofan**
**21.30 Louis Theroux: Law & Disorder in Philadelphia**
**22.30 The Middle** (7:24) (8:24)
**23.20 Spurningabomban** (3:11)
**00.05 Steindinn okkar** (3:8)
**00.30 Doctors** (5:175)
**01.15 Spaugstofan**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.45 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
**18.10 The Middle** (7:24)
**18.30 Glee** (4:22) Frábær þáttaröð um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölurnar til að gera flottar sýningar.
**19.15 Ameríski draumurinn** (4:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.
**19.50 Fly Girls** (1:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin Flugfélaginu.
**20.10 The Secret Circle** (1:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.50 The Vampire Diaries** (1:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.35 Ameríski draumurinn** (4:6)
**22.10 Fly Girls** (1:8)
**22.30 The Secret Circle** (1:22)
**23.10 The Vampire Diaries** (1:22)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 krakkar

**09.00 Dóra könnuður**
**09.25 Áfram Diego, áfram!**
**09.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.05 UKI**
**10.10 Lína langsokkur**
**10.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.00 Disney Channel**
**17.30 iCarly** (4:25)
**17.55 Tricky TV** (4:23)

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Pan Am** (9:14) (e)
**17.10 Rules of Engagement** (5:15) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Live To Dance** (8:8) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.35 Everybody Loves Raymond** (18:24) (e)
**20.00 Will & Grace** (23:24) (e)
**20.25 Cherry on Money** Cherry Healey kannar að þessu sinni hvers vegna heimurinn virðist snúast um peninga.
**21.10 Design Star** (8:9) Þrír keppendur eru eftir og fá þeir nú að hanna fyrir stjörnurnar í Hollywood.
**22.00 Unforgettable** (18:22) Valdamikil fjölskylda beitir áhrifum sínum til að tefja rannsókn máls en Carrie fær aðstoð úr óvæntri átt.
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 Crash & Burn** (4:13)
**00.15 CSI** (12:22) (e)
**01.05 Teen Wolf** (11:12) (e)
**01.55 Unforgettable** (18:22) (e)
**02.45 Everybody Loves Raymond** (1:25) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.50** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (2:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (30:45) **19.45** PGA Championship 2012 (4:4) **01.00** Golfing World **01.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


## Fasteignir

**Glósalir 4**
201 Kópavogur
5 herb. raðhús með útsýni

Stærð: 171 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2002
Fasteignamat: 40.000.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Opið Hús





Kristján Þórir Hauksson
Sölufulltrúi
6961122
kristjan@remax.is



Stefán Jarl
Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is



**Þriðjudaginn 21.Ágúst kl.18-18.30**

**Verð: 45.800.000**

Raðhús á besta stað í Sala hverfinu, frábært útsýni. Eignin er á tveimur hæðum, baka til eru stórir sólpallar, 4 svefnherbergi. Neðri hæð:Forstofa, tvö rúmgóð herbergi með parketi á gólfi, flísalagt baðherbergi með sturtu, bílskúr er innangengur og þar er þvottahús og geymsla. Efri hæð:Stofa með parketi á gólfi og mikilli lofthæð, eldhús. Úr stofu er útgengt á stórar svalir með miklu útsýni, baðherbergi, hjónaherbergi og barnherbergi.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is



RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

**Vatnsendablettur 718**
203 Kópavogur
Stórglæsilegt einbýli með 5 svefnh

Stærð: 274 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 65.450.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Opið Hús





Kristján Þórir Hauksson
Sölufulltrúi
6961122
kristjan@remax.is



Stefán Jarl
Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is



**Þriðjudaginn 21.Ágúst kl.17-17.30**

**Verð: 79.900.000**

Remax Lind kynnir: Stórglæsilegt og vandað einbýlishús á frábærum stað við Vatnsendablett í Kópavogi.
Húsið er á 2 hæðum og er allt hið glæsilegasta, 5 Svefnherbergi eru í húsinu, gegnheilt parket, Vola blöndunartæki, sérsmíðaðar innréttingar og skápar. 150 fm timburverönd og frábært útsýni í allar áttir. Kristján Þórir tekur á móti gestum.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is



RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is



# Gamanleikir
# á stóra sviðinu

## Fulham – WBA
14.–16. september

Verð frá, á mann í tvíbýli: **69.900 kr.**

Það er alltaf gaman að heimsækja Craven Cottages, heimavöll Fulham. Þeir byrjuðu tímabilið með látum og verða örugglega líka í stuði þegar WBA kemur í heimsókn. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 2 nætur á St. Giles Hotel með morgunverði og miði á leikinn.






## Tottenham – QPR
21.–24. september

Verð frá, á mann í tvíbýli: **99.900 kr.**

Þetta er einstakt tækifæri til að sjá Gylfa Þór Sigurðsson og félaga hans í Tottenham spila á heimavelli á White Hart Lane. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Hilton Euston Hotel með morgunverði og miði á leikinn.

## ManUtd. – Tottenham
28. sept.–1. okt.

Verð frá, á mann í tvíbýli: **106.900 kr.**

Það verður geggjað að vera á Old Trafford þegar Tottenham kemur í heimsókn í lok september. Hvað gerir Gylfi gegn liðinu sem hann hélt með sem strákur? Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Hotel Copthorne í Manchester með morgunverði og miði á leikinn.




## Chelsea – Norwich
5.–8. október

Verð frá, á mann í tvíbýli: **89.900 kr.**

Það er alveg á hreinu að Chelsea verða baneitraðir á Stamford Bridge á þessu tímabili. Við erum að tala um sjálfa Evrópumeistarana. Að þessu sinni kemur Norwich í heimsókn. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Hilton Euston Hotel með morgunverði og miði á leikinn.






## Liverpool – Reading
19.–22. október

Verð frá, á mann í tvíbýli: **94.900 kr.**

Það er magnað að vera á leik á Anfield. Það er bara eitthvað svakalegt í loftinu og þannig verður það pottþétt líka þegar Reading kemur í heimsókn. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Premier Inn í Liverpool með morgunverði og miði á leikinn.

## Arsenal – QPR
26.–29. október

Verð frá, á mann í tvíbýli: **94.900 kr.**

Hvernig væri nú að skella sér á Emirates Stadium og sjá Arsenal spila við QPR? Þessi völlur er hrikalega flottur og ekki skemmir fyrir að Arsenal kann svo sannarlega að spila skemmtilegan fótbolta. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Hilton Euston Hotel með morgunverði og miði á leikinn.



Bókaðu ferðina á draumaleikinn með Gaman Ferðum í samstarfi við WOW air.

Farðu inn á gaman.is og bókaðu fótboltaferðina sem þig hefur alltaf dreymt um. Flogið er með WOW air, með miklu sætaplássi og nóg af brosi um borð.

WOW air

Gaman Ferðir

Gaman Ferðir | 560 2000 | gaman@gaman.is gaman.is

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég held að ég verði að velja Nonnabita, ef ég er niðri í bæ fer ég oftast þangað. Ég hef reyndar aldrei keypt mér bát þar heldur fæ ég mér alltaf tvöfaldan borgara.“*

Tommi Þ. Guðmundsson, parkour-iðkandi með meiru.

# Netið vinsæll skiptibókamarkaður hjá nemum

„Þetta er klárlega vinsælasta síðan sinnar tegundar en við erum með tæplega 20.000 notendur og þeim fer fjölgandi,“ segir Vignir Már Lýðsson sem stendur á bak við síðuna skiptibokamarkadur.is ásamt Val Þráinssyni.

Á skiptibokamarkadur.is má finna yfir 10.000 titla af námsbókum til kaups og sölu fyrir framhalds- og háskólanema á hagstæðara verði en á venjulegum skiptibókamörkuðum. „Það græða allir hjá okkur því bæði fær fólk meira fyrir bækurnar sem það selur og borgar minna fyrir þær sem það kaupir þar sem það eru engin umboðslaun eins og á venjulegum mörkuðum,“ segir Vignir en um 8.000 bækur seljast á síðunni árlega og er meðalverðið í kringum 4.000 krónur. Miðað við það er ársveltan hjá þeim um 32 milljónir króna. Vignir og Valur eru nú að vinna í nýrri síðu fyrir bókaskiptin sem verður enn stærri og veigameiri, jafnframt stefna þeir á að búa til sams konar síðu í Hollandi þar sem Valur hefur stundað meistaranám undanfarin ár.

Til eru fleiri álíka vefsíður á netinu þó engin sé jafn stór og skiptibokamarkadur.is. Nýjust er síðan skipti.is sem var sett á fót af þeim Kristjáni Inga Mikaelssyni og Ragnari Þór Valgeirssyni, nemendum í Verzló. „Við opnuðum síðuna 28. júlí og erum þegar með yfir 500 notendur og 840 bækur inni í kerfinu,“ segir Kristján Ingi. Nemendur hafa brugðið á ýmis ráð til að komast hjá umboðslaunum verslana við kaup og sölu á bókum sínum og meðal annars hefur verið vinsælt að auglýsa bækur á sölusíðunni bland.is auk þess sem Facebook hefur komið sterkt inn. - trs



**ALLIR GRÆÐA** Vignir segir alla græða á að eiga viðskipti í gegnum skiptibokamarkadur.is þar sem engin umboðslaun eða gjöld eru tekin fyrir sölu á bókum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.





Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




**NÓG AÐ GERA** Leikstjórinn Dagur Kári hefur í nógu að snúast um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

DAGUR KÁRI PÉTURSSON: ÞETTA VERÐUR SKEMMTILEG TILBREYTING

# Stórmyndin Tordenskjold sú dýrasta frá Degi Kára

„Ég hef ekki fengist við neitt af þessari stærðargráðu áður,“ segir Dagur Kári Pétursson um dönsku stórmyndina Tordenskjold sem hann kemur til með að leikstýra.

Tökur hefjast á næsta ári og hljóðar kostnaðaráætlun upp á tæpar 900 milljónir króna. „Það er töluvert hærri kostnaðaráætlun en ég hef unnið með hingað til,“ segir Dagur Kári, sem síðast sendi frá sér The Good Heart.

Nimbus Film í Danmörku framleiðir myndina í samstarfi við fleiri norræna aðila. Þetta sama fyrirtæki framleiddi SuperClásico sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrr á árinu. Handritshöfundur Tordenskjold er Norðmaðurinn Erlend Loe sem er einnig þekktur rithöfundur.

Tordenskjold fjallar um tvær vikur í lífi hinnar sögufrægu persónu Tordenskjold. Líf hans var sveipað ævintýraljóma í upphafi 18. aldar og gerir enn í Noregi, Danmörku og víðar. Sem sjóliðsforingi í konunglega danska og norska sjóhernum vann hann frækna sigra og var áhrifamikill á heimshöfunum á miklum átakatímum. Þótt afrek hans þyki mörg afar merkileg, hefur lífshlaup hans og karakter ekki síður haldið nafni hans á lofti. Hann lifði hratt, fagnaði glæstum sigrum, en lét svo lífið á dularfullan hátt í einvígi aðeins 29 ára að aldri.

„Þetta verður skemmtileg tilbreyting því ég hef hingað til skrifað sjálfur mín handrit og alltaf verið frekar andvígur „períódumyndum“. Mér hefur fundist að það ætti ekki að gera myndir sem gerast á tíma sem kvikmyndatökuvélin var ekki enn fundin upp,“ segir Dagur Kári. „En ég hef fylgst með Erlend Loe, lesið bækurnar hans og er mjög hrifinn af honum sem höfundi. Ég var spenntur að sjá hvaða vinkil hann hafði á þetta. Eftir að ég las handritið áttaði ég mig á því að þetta væri mjög fersk nálgun á þessari tegund kvikmyndar og takmarkið er að gera eitthvað nýtt við formið.“

Dagur Kári er þessa dagana að undirbúa sína næstu mynd, hina íslensku Rocketman. Tökur á henni hefjast hér á landi í vetur. Baltasar Kormákur og Agnes Johansen framleiða myndina fyrir Sögn ehf./Blueeyes Productions í samstarfi við Nimbus Film í Danmörku. „Rocketman er komin vel á veg. Ég hlakka mikið til að fara í gang með hana og að gera mynd á íslensku. Ég hef ekki gert það síðan ég leikstýrði Nóa albinóa, þannig að það er mikil tilhlökkun.“ Aðalpersóna myndarinnar er rúmlega fertugur maður sem býr enn hjá móður sinni. Myndin lýsir því hvernig hann tekur eitt lítið skref fram á við á þroskabrautinni. Með aðalhlutverkið fer Gunnar Jónsson sem margir kannast við úr Fóstbræðraþáttunum. freyr@frettabladid.is

# Umboðsmaður Blur á leiðinni

Chris Morrison, sem starfaði lengi sem umboðsmaður bresku hljómsveitanna Blur og Gorillaz, verður meðal fyrirlesara á fræðslukvöldi ÚTÓN, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, í Norræna húsinu 10. september. Þar verður umboðsmennska umfjöllunarefnið.

Heather Kolker, umboðsmaður Of Monsters and Men, verður einnig meðal fyrirlesara. Hún starfar jafnframt sem bókari fyrir hljómsveitir á borð við MGMT og Edward Sharpe & The Magnetic Zeros.

„Hún ætlar að segja söguna af sér og hvernig þetta kom til með Of Monsters and Men,“ segir Tómas Young hjá ÚTÓN um Kolker. Hann er afar ánægður með þátttöku þeirra beggja. „Við vorum mjög ánægð með að allt gekk upp. Hún verður á landinu á þessum tíma og hann verður á leiðinni til New York þannig að við gripum hann á leiðinni.“ Morrison fór á síðustu Iceland Airwaves-hátíð og á Aldrei fór ég suður og þekkir því vel til íslenskrar tónlistar.

Á fræðslukvöldinu verða einnig haldnar hringborðsumræður með Morrison, Kolker og þeim Grími Atlasyni, umboðsmanni Retro Stefson, og Maríu Rut Reynisdóttur, umboðsmanni Hjálma og Ásgeirs Trausta. - fb



**MEÐ ALBARN** Chris Morrison ásamt Damon Albarn, söngvara Blur. NORDICPHOTOS/GETTY



# 5★ FIT

## Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form.

Við höfum sett saman nýtt æfingakerfi byggt á kerfi sem hefur slegið rækilega í gegn í New York. Það sameinar margar ólíkar styrktaræfingar sem móta og tóna vöðva líkamans á áhrifaríkan hátt.

Æfingarnar eru rólegar, krefjandi og gerðar til að breyta línum líkamans á kerfisbundinn hátt. Áhersla er lögð á þægilega tónlist.

## 5 stjörnu FIT

Innifalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Leiðbeiningar um mataræði sem er sérstaklega samsett til að tryggja þátttakendum 5 stjörnu árangur
- Hvatning, fróðleikur og hollar og góðar uppskriftir frá Ágústu Johnson og Guðbjörgu Finns
- Mælingar og vigtun fyrir og eftir fyrir þær sem vilja
- Dekurkvöld í Blue Lagoon spa
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- 10% afsláttur af öllum meðferðum í Blue Lagoon spa

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.

Verð 25.900 kr. Meðlimir Hreyfingar 16.900 kr.

***Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is***

***5 stjörnu viðbótardekurpakki***

*40% afsláttur fyrir þátttakendur í 5 stjörnu FIT*

- Handklæði við hverja komu
- Aðgangur að heitum potti, hvíldaraðstöðu og afnot af slopp í Blue Lagoon spa
- Kísilleirmeðferð í Blue Lagoon spa

Tilboðsverð 12.590 kr. (fullt verð 20.900 kr.)

# Náðu 5 stjörnu formi

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Borðaði lunda

Þrátt fyrir að óvæntur dúett stórleikarans Russells Crowe og pönkdrottningarinnar Patti Smith hafi stolið senunni á menningarnótt drukku fleiri kollegar þeirra úr heimi fræga fólksins í sig menninguna í Reykjavík um helgina. Írski leikarinn og leikstjórinn **Stuart Townsend** var á Íslandi um helgina og var hann duglegur að skrifa um ferð sína hingað til lands á samskiptavefnum Twitter. Hann ku hafa smakkað lunda og skemmt sér konunglega í Reykjavík á laugardagskvöld. Townsend er hvað frægastur fyrir að hafa verið giftur Hollywood-leikkonunni Charlize Theron til ársins 2010 en hún var einmitt hér á landi í fyrrasumar.



### Hrafnhildur vinsæl

Fyrsta heimildarmynd sjónvarpskonunnar **Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur,** Hrafnhildur, hefur mælst vel fyrir hjá bíógestum og gagnrýnendum. Í myndinni fylgir Ragnhildur Steinunn Hrafnhildi eftir í kynleiðréttingarferli hennar en hún fæddist sem strákurinn Halldór. Bíógestir hafa tekið vel í myndina en yfir 1.500 manns hafa séð Hrafnhildi frá frumsýningu fyrir tveimur vikum. Það stefnir því allt í að Hrafnhildur verði vinsælasta heimildarmynd frá upphafi í Bíói Paradís en myndin verður sýnd þar fram á haust.



- áp

## Mest lesið vísir

1. Báðust afsökunar á veðurspánni
2. Banaslys á Sandskeiði
3. Ungfrú heimur kemur frá Kína
4. Hljóp tíu kílómetra í annað sinn á hækjum
5. Lyf ekki alltaf besti kostur gegn of háum blóðþrýstingi





SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerið gæða- og verðsamanburð

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SVEFNSÓFAR
Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 329.900

NÝTT
BOSS
HUGO BOSS
home

SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL
Góð rúm á frábæru verði
Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta 179.900
Leður hægindastóll 89.900
Lyftu hægindastóll 159.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
2x80x200
339.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI
Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.
Lök, hlífðardýnur, sængur, sængurver, handklæði og sloppar
Gerið gæða- og verðsamanburð

Baldursnesi 6
AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00